

# BRIDGE

1-2005



*Bridshátíð  
Sagntækni  
Íslandsmótin  
Sagnkeppni  
NL í Danmörku  
EM á Tenerife  
Varnarþrautir*

## NORÐUR

♠ ÁG2

♥ -

♦ 432

♣ -

## VESTUR

♠ D98

♥ ÁKD

♦ -

♣ -

## AUSTUR

♠ -

♥ -

♦ ÁKD

♣ ÁKD

## SUÐUR

♠ K1043

♥ -

♦ -

♣ 32



**Spaði er tromp.  
Suður á út og þarf 5 slagi.**



## Spil vesturs

**Spil 1**      ♠ D10  
A/Allir      ♥ 853  
              ♦ ÁKD73  
              ♣ 742

**Spil 2**      ♠ Á10964  
V/Allir      ♥ DG3  
              ♦ ÁK765  
              ♣ -

**Spil 3**      ♠ Á73  
A/AV        ♥ DG74  
              ♦ D108  
              ♣ Á82

**Spil 4**      ♠ Á1073  
V/Enginn   ♥ Á94  
              ♦ DG6  
              ♣ K74

**Spil 5**      ♠ 1074  
A/NS        ♥ Á9  
              ♦ ÁKDG83  
              ♣ G2

**Spil 6**      ♠ ÁG10  
V/NS        ♥ Á5  
              ♦ Á10  
              ♣ Á86543

**Spil 7**      ♠ 74  
A/Enginn   ♥ 9653  
              ♦ Á109762  
              ♣ 8


**Spil 8**      ♠ ÁD53  
V/AV        ♥ ÁK64  
              ♦ ÁD54  
              ♣ 7

**Spil 9**      ♠ D72  
A/Allir      ♥ Á5  
              ♦ KDG4  
              ♣ 10532

**Spil 10**     ♠ KD98  
V/Enginn   ♥ 3  
              ♦ ÁD9863  
              ♣ D2

## LAUSN Á FORSÍÐUÞRAUT

ENDASTAÐAN á forsíðunni er furðu flókin og það tekur tímann sinn að finna réttu lausnina.




Augljóslega er einfalt að ná trompinu af vestri, en það gefur aldrei nema fjóra slagi. Lausnin felst í því að gefa vestri slag á tromp, en byggja í leiðinni upp þvingun á austur.

Gerum langa sögu stutta: Fyrst er spaða spilað á ás og tígull síðan trompaður með tíu.

Það er fljóséð að vestur græðir ekkert á því að henda hjarta í slaginn, því þá spilar suður laufi og gefur aldrei meira en einn á tromp.

Vestur verður því að yfirtrompa spaðatíu með drottningu og gerir best í því að spila trompi til baka í þessari stöðu:



Vestur spilar spaðaníunni í þessari stöðu og sagnhafi setur upp gosann í borði.

Nú er austur í vondum málum.

Ef austur hendir tígli, mun gosinn í borði eiga slaginn og síðan trompar sagnhafi tígulinn frían.

Hendi austur á hinn bóginn laufi, yfirdrepur suður spaðagosann með kóng og trompar laufið frítt.

Svokölluð *samgangspvingun*.



**Forsíðan:** Litlu myndirnar eru af Íslandsmeisturunum í sveitakeppni og tvímenningi, en stóra myndin er frá afhendingu verðlauna á Bridshátíð. Þar kennir ýmissa grasa og sum sjást betur en önnur. Frá vinstri: Raggi Magg, Bjarni Hómar, Svavar Björnsson, Baldvin Valdimars, Hermann Friðriks, Hjálmtýr R. Baldvins, Sigfús Örn, Sveddi Li, Friðjón, Georg Mittelman, Símon, Ralph Katz, Geoff Hampson, falinn að mestu að baki Rúnari Magg, Hjördís Eyþórs, Arnie Fisher, Boye Brogeland, Howard Weinstein, Steve Garner, Símon Gillis og Eric Sælensminde. Á myndina vantar Þórð Breiðfjörð og margna fleiri.

# BRIDGE

20. ÁRGANGUR, TÖLUBLAÐ 73

Ritstjóri og áb.m: Guðm. P. Arnarson  
Póstfang: Víghólastígur 6 - 200 Kópavogur  
Netfang: GPA@simnet.is  
Símar: 564-4247 og 898-5427

# BRIDSHÁTÍÐ 2005

**B**ridshátíð fór fram í 24. sinn á Hótel Loftleiðum dagana 18.-21. febrúar. Daninn **Lars Blakset** og Svíinn **Peter Fredin** unnu tvímenningun, en þeir félagar urðu í öðru sæti í þessu móti í fyrra. Silfurverlaunin nú komu út hlut Norðmannanna **Olavs Ellestad** og **Björnars Halderker**, en **Sævar Þorbjörnsson** og **Karl Sigurhjartarson** stóðu sig best íslensku paranna og hlutu bronsið. Alls tóku 128 pör þátt í mótinu, þar af 22 erlend. Í sveitakeppninni (Flugleiðamótinu) vannst íslenskur sigur - sveit **Garða & véla** undir forystu **Símonar Símonarsonar** vann örugglega, en með Símoni spiluðu **Rúnar Magnússon**, **Sigfús Örn Arnason**, **Friðjón Þórhallsson** og **Stefán Guðjohnsen**. Sjötíu sveitir tóku þátt í mótinu.

## Úrslit tvímenningsins

Lars Blakset - Peter Fredin	57.8%
Olav Ellestad - Björnars Halderker	57.5%
Sævar Þorbjörnss. - Karl Sigurhjartars.	57.2%
Rune Hauge - Tor Helness	56.0%
Steve Garner - Howard Weinstein	55.6%
Fred Moen - Ingvar Erga	54.8%
Erik Sælensminde - Jan Petter Svendsen	54.5%
Geoff Hampson - Curtis Cheek	54.5%
Páll Þórsson - Kjartan Ásmundsson	54.3%
Hrólfur Hjaltason - Ásgeir Ásbjörnss.	54.2%

## Úrslit Flugleiðamótsins

Garðar & vélar	198
Team Gillis	192
Garner	178
Katz	176
Málning	175
Skeljungur	173
Sparisjóður Siglufjarðar	172
Regeldur	171
Ferðaskrifstofa Vesturlands	170
Janet de Botton	169
Eykt	169



**Einbeittir í miðju móti.**  
Frá vinstri: **Símon**, **Rúnar**, **Sigfús Örn** og **Friðjón**.

## Einöld fegurð

Í einfaldleikanum býr oft hrein fegurð. Þetta spil úr tvímenningnum er gott dæmi um það.

NORÐUR		AUSTUR	
♠ D92	♥ D83	♠ KG	♥ G1072
♦ G1063	♣ 1052	♦ K74	♣ ÁD94
VESTUR		SUDUR	
♠ 4	♥ K9654	♠ Á1087653	♥ Á
♦ D82	♣ K763	♦ Á95	♣ G8

Yfirleitt spilaði suður búið í spaða, tvo eða þrjá, og oft kom út lauf. Segjum að vörnin taki tvo laufslagi og spili þriðja laufinu. Suður trompar, leggur niður spaðaás, *síðan hjartaás* áður en hann spilar spaða til austurs.

Ef austur spilar tígli, er því hleypt og innkoman á spaðadrottningu notuð til að klára tvísvínunguna. Spili austur hjarta, hendir sagnhafi tígli heima og svo aftur tígli í hjartadrottninguna.

Svo sem ekki flókið, en falletg.

## Prósentspil

Þetta er hins vegar flókið spil, a.m.k. ef finna á út bestu leiðina með afgerandi hætti:

NORÐUR		SUDUR	
♠ D10	♥ Á97	♠ Á3	♥ DG86543
♦ ÁK54	♣ KG62	♦ 76	♣ Á8

Suður fær út spaða gegn 6♥. (Austur á ♠KG, svo það ekki er hægt að hitta í litinn.)

## Hvernig er best að spila?

Eftir tilgangslausar sálarkvalir í fyrsta slag, drepur suður með ás og á þá tvo vinningsmöguleika helsta:



**Verðlaunapör tvímenningsins:**  
**Karl**, **Sævar**, **Fredin**, **Blakset**, **Ellestad** og **Halderker**.

(1) Annar er sá að spila hjarta á ásin og svína svo laufgosa ef hjartakóngurinn kemur ekki blankur.

(2) Hinn er að spila fyrst laufi þrisvar og stinga, en svína síðan fyrir hjartakóng ef laufdrottningin fellur ekki.

Hvor leiðin er betri?

## Fyrri leið: 63%

Hjartaás er tekinn. Líkur á hjartakóng stökum eru 26%, þ.e. þriðjungur af 2-1 legunni, sem er 78%. Ef kóngurinn kemur ekki gæti laufdrottningin legið fyrir svínungu: 50% af 74%, eða 37%. Heildarlíkur eru því 26%+37%=63%.

## Síðari leið: 60%

Laufi spilað þrisvar með trompun. Laufdrottningin kemur önnur eða þriðja í 35% tilfella (2/7 af 5-2 legunni, sem er 30.5%, og 3/7 af 4-3 legunni, sem er 62%). Falli drottningin ekki, gæti vestur átt kóng blankan eða annan í hjarta. Líkur á því eru 39% (helmingurinn af 2-1 legunni), en þetta skiptir aðeins máli þegar laufdrottningin hefur ekki skilað sér (65% tilfella), svo viðbótarlíkur eru 39% af 65% eða 25%. Heildarvinningslíkur eru þannig 35%+25%=60%.

Nújæja, nújæja.

**Peter Fredin** var með þessi spil í vestur:

VESTUR	
♠ G6	♥ K1063
♦ K74	♣ K982

N/Enginn

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	1 ♦	Pass	1 ♠
Pass	1 G	Pass	2 ♣ *
Pass	2 ♦	Pass	3 ♦
Pass	3 ♠	Pass	4 ♠ ///

Kerfið er *Standard* og 2♣ er af *tvihleypu-ætt*, sýnir einhvers konar áskorun í geim. Norður hefur sýnt, 12-14 punkta, tígul og þrilit í spaða.

**Hvar myndi lesandinn koma út?**



## Landsleikur í Smáralind

Daginn fyrir Bridshátíð var spilaður stuttur "landsleikur" við bandarísku gestina á göngum Smáralindar. Bandaríkjamenn unnu. Hér spila Þröstur Ingimarsson og Bjarni H. Einarsson við Steve Garner og Howard Weinstein. Gisli Steingrímsson hefur náð sér í gott sæti milli Bjarna og Garners, en að baki honum raða sér þeir Sigurður Björgvinsson, Jakob Kristinsson, Stefán Jónsson, Björn Friðriksson og Sigfús Þórðarson.

Vinningsleiðin er skondin. Suður tekur strax með spaðaás, spilar hjarta á kóng og hendir tveimur spöðum niður í ♦ÁK. Spilar svo hjartafjarka úr borði að Á9. Ef austur trompar, fær hann aðeins einn slag til á lauf, svo sennilega hendir hann í slaginn. Þá tekur sagnhafi með ás og trompar hjartaniuna með laufásnum í borði! Millispilin í trompinu eru nógu þétt til að tryggja að austur fái einungis tvo slagi á ♣DG.


## Á ganginum



Jónas P. Erlingsson, Hrólfur Hjaltason og Sveinn Rúnar Eiríksson. Hrólfur er sá litli í miðjunni.



Hjördís Eyþórsdóttir í traustum hópi: Kristinn Kristinsson, Halldór Svanbergsson og Stefán Stefánsson.



Vestfjarðagoðarnir Óskar Eliasson og Arnar Geir Hinriksson.

## Útspil Fredins

Flestir völdu að spila út frá kóng í hjarta eða laufi.

### NORÐUR

- ♠ D73
- ♥ G87
- ♦ ÁG985
- ♣ Á5

### VESTUR

- ♠ G6
- ♥ K1063
- ♦ K74
- ♣ K982

### AUSTUR

- ♠ Á92
- ♥ 542
- ♦ 10
- ♣ DG10764

### SUÐUR

- ♠ K10854
- ♥ ÁD9
- ♦ D632
- ♣ 3

Hjartaútkoman var dýrkeypt og þeir sem þar byrjuðu gáfu út 450 eða 480. Fredin ákvað hins vegar að *vernda* tígulkónginn sinn með því að spila út *tígulfjarka*!

Sagnhafi bjóst við einspili og var ekki höndum seinni að drepa á tígulás. Hann spilaði svo spaða á tíuna. Fredin fékk á gosann, tók tígulkóng og gaf Blakset stungu. Hjarta kom til baka og vörnin fékk þannig á hjartakónginn líka, eða fimm slagi í allt. Sem gaf AV 116 stig af 124 mögulegum.



Karl Sigurhjártarson og Sævar Þorbjörnsson spila við Örlyg Má Örlygsson og Reyni Helgason.

## Trompað í blindum

Algengasta leiðin til að fjölga trompslögum er að stinga þeim megin sem trompin eru færri - sem er ofast í borði. Í sveitakeppninni kom upp óvenjulegt afbrigði af því algenga steffi:

### NORÐUR

- ♠ G87
- ♥ K4
- ♦ ÁK108542
- ♣ Á

### VESTUR

- ♠ KD2
- ♥ DG108653
- ♦ 96
- ♣ 2

### AUSTUR

- ♠ 9643
- ♥ 2
- ♦ DG73
- ♣ DG75

### SUÐUR

- ♠ Á105
- ♥ Á97
- ♦ -
- ♣ K1098643

Víða vakti vestur á 3-4♥, sem varð til þess að yta NS í vonlausu slemmu.

En það má vinna 5♣ í suður.

Sér lesandinn hvernig? Útspilið er spaðakóngur.

Fredin og Blakset gegn Gunnari Hallberg og Janet de Botton.

**FLESTIR** spilarar nota tvílita innákomur af einhverju tagi, enda augljóslega hagkvæmt að geta slegið tvær flugur í einu höggi. Algengustu tvílita sagnirnar eru þrjár: **(1)** sögn ofan í hálitarnopnun til að sýna hinn hálitinn og annan láglitinn, **(2)** tvö grönd yfir hálit til að segja frá láglitunum, og **(3)** sögn ofan í *Standard*-láglitaropnun til að lýsa yfir hálitunum. Oftast lofar innákoman 5<sup>+</sup>-5<sup>+</sup> skiptingu í viðkomandi litum.

En hvernig á sá þriðji í röðinni - makker opnara - að bregðast við innákomunni? Ýmislegt kemur til greina, en svo er að sjá sem reyndari keppnisspilarar séu í grundvallaratriðum sammála um megin-drættina. Sem eru: **Dobl** sýnir áhuga á sekt og neitar stuðningi við lit makkers. **Pass og dobl** í kjölfarið er hreinræktuð sekt. Með sóknarspil er meldað strax og **yfirfærslum** gjarnan beitt, auk þess sem þekktur **litur andstöðunnar** er notaður til að sýna sterkan stuðning við opnunarlit makkers.

**(1)** Lítum fyrst á viðbrögðin við *Michaels* innákomu, 1♥-2♥ og 1♠-2♠:

## 1♥ - (2♥) = spaði og láglitir

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	1♥	2♥

- Pass = veikt eða hrein sekt
- Dobl = sektaráhugi, 10+ HP
- 2♠ = góð hækkun í 3♥ (áskorun+)
- 2G = yfirfærsla í lauf, GK
- 3♣ = yfirfærsla í tígul, GK
- 3♦ = tígulræpa, 6-9 HP
- 3♥ = barátta, 6-9 HP
- 3♠ = splinter
- 3G = 4+♥, slemmuáhugi
- 4♣ = splinter
- 4♦ = splinter
- 4♥ = til að spila (6-9 HP, gott fitt)
- 4G = RKC

## 1♠ - (2♠) = hjarta og láglitir

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	1♠	2♠

- Pass = veikt eða hrein sekt
- Dobl = sektaráhugi, 10+ HP
- 2G = yfirfærsla í lauf, GK
- 3♣ = yfirfærsla í tígul, GK
- 3♦ = tígulræpa, 6-9 HP
- 3♥ = góð hækkun í 3♠ (áskorun+)
- 3♠ = barátta, 6-9 HP
- 3G = 4+♠, slemmuáhugi
- 4♣ = splinter
- 4♦ = splinter
- 4♥ = splinter
- 4♠ = til að spila (6-9 HP, gott fitt)
- 4G = RKC

## Vörn við tvílita innákomum

Þar eð hinn háliturinn er eini þekkti litur mótherjanna er sögn ofan í hann notuð (eins og endranær) sem sterk hækkun í lit makkers (áskorun+). Með geimkröfuspil og láglit er yfirfært (2G og 3♣) og svo er vert að taka eftir þriggja granda sögninni, sem er jafnskipt slemmuáskorun með 4-litar stuðning við makker.

**(2)** Skoðum næst láglitainnákomanu á tveimur gröndum - *the unusual 2NT*.

## 1♥ - (2G) = láglitir

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	1♥	2G

- Pass = veikt eða hrein sekt
- Dobl = sektaráhugi, 10+ HP
- 3♣ = góð hækkun í ♥ (áskorun+)
- 3♦ = 5+♠, GK
- 3♥ = barátta, 6-9 HP
- 3♠ = 6+♠, barátta (ekki krafa)
- 3G = 4+♥, slemmuáhugi
- 4♣ = splinter
- 4♦ = splinter
- 4♥ = til að spila (6-9 HP, gott fitt)
- 4♠ = til að spila, 7+♠, 6-9 HP
- 4G = RKC

## 1♠ - (2G) = láglitir

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	1♠	2G

- Pass = veikt eða hrein sekt
- Dobl = sektaráhugi, 10+ HP
- 3♣ = 5+♥, GK
- 3♦ = góð hækkun í ♠ (áskorun+)
- 3♥ = 6+♥, barátta (ekki krafa)
- 3♠ = barátta, 6-9 HP
- 3G = 4+♠, slemmuáhugi
- 4♣ = splinter
- 4♦ = splinter
- 4♥ = til að spila, 7+♥, 6-9 HP
- 4♠ = til að spila (6-9 HP, gott fitt)
- 4G = RKC

Meginhugsunin er að nota 3♣ og 3♦ sem úttektarsagnir til að sýna annars vegar sterk spil með hinn hálitinn og hins vegar góða hækkun í lit makkers. Minnisreglan er: *lægri fyrir lægri og hærri fyrir hærri*. - lauf fyrir hjarta og tígull fyrir spaða. Þannig skapast svigrúm til að taka létt undir lit makkers á þriðja þrepi og koma á framfæri löngum eigin hálit án þess að krefja í geim.

**(3)** Loks er það hálitainnákoman við láglit: 1♣-2♣ og 1♦-2♦:

## 1♣ - (2♣) = hálitir

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	1♣	2♣

- Pass = veikt eða hrein sekt
- Dobl = sektaráhugi, 10+ HP
- 2♦ = 5-6♦, 6-9 HP
- 2♥ = góð hækkun í 3♣ (áskorun+)
- 2♠ = 5+♦, GK
- 2G = eðlilegt, 10-12 HP, áskorun
- 3♣ = barátta, 6-9 HP
- 3♦ = 7+♦, 6-9 HP
- 3♥ = splinter
- 3♠ = splinter
- 3G = eðlilegt, 13-15 HP
- 4♣ = hindrun
- 4G = RKC

## 1♦ - (2♦) = hálitir

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	1♦	2♦

- Pass = veikt eða hrein sekt
- Dobl = sektaráhugi, 10+ HP
- 2♥ = 5+♣, GK
- 2♠ = góð hækkun í 3♦ (áskorun+)
- 2G = eðlilegt, 10-12 HP, áskorun
- 3♣ = 6-9 HP, 6+ lauf
- 3♦ = barátta, 6-9 HP
- 3♥ = splinter
- 3♠ = splinter
- 3G = eðlilegt, 13-15 HP
- 4♦ = hindrun
- 4G = RKC

Hálitasagnir á öðru þrepi eru notaðir til að sýna sterk spil með annan láglitinn (ósagða litinn eða stuðning við láglit makkers), og sama minnisreglan gildir: hjarta og lauf haldast í hendur (mjúku litirnir) og spaði og tígull (hörðu litirnir). Að öðru leyti rekja sagnir sig nokkurn veginn sjálfar, en vert er að hafa í huga að bæði tvö og þrjú grönd eru eðlilegar sagnir.

**Í lokin:** Doblið er mikilvægasta sögnin í öllum tilvikum, sýnir minnst 10 HP og neitar góðum stuðningi við lit makkers. Besta skilgreiningin er sú að doblið sé sambærilegt við redobl eftir litaropnun makkers og opnunardobl millihandar. Doblið myndar kröfu, þannig að annað hvort verður samningurinn yfirtekinn eða sögn mótherjanna spiluð dobluð.

# ÍSLANDSMÓTIÐ Í SVEITAKEPPNI 2005

**ÍSLANDSMÓTIÐ** í sveitakeppni fór nú fram í annað sinn með tvískiptum úrslitum: fyrst þriggja daga innbyrðis viðureign þeirra 12 sveita sem náðu inn í úrslitakeppnina, og síðan dagskeppni fjögurra efstu sveitanna. Þetta fyrirkomulag skilaði fjögurum lokaspretti í fyrra, en nú var spennan minni, því sigursveit Ferðaskrifstofu Vesturlands gaf aldrei eftir og vann sanngjarnan sigur. Íslandsmeistararnir eru: *Karl Sigurhjartarson, Sævar Þorbjörnsson, Snorri Karlsson, Magnús Magnússon, Matthías Þorvaldsson og Ljósbrá Baldursdóttir*. Ljósbrá er fyrst kvenna til að vinna þetta mót og hún varð jafnframt efst í *butler*-reikningi mótsins, þar sem árangur allra para er veginn saman.

Úrslitin voru spiluð á Hótel Loftleiðum um páskahelgina, en 40 sveita undanúrslit fóru fram hálfum mánuði fyrr í húsakynnum BSÍ við Síðumúla. Í undanúrslitum var spilað í fjórum 10 sveita riðlum og komust þrjár efstu í hverjum riðli áfram í úrslitakeppnina.

## Úrslit riðlakeppninnar

A-riðill	stig	meðaltal
Sparisjóður Siglufjarðar	197	21.89
Eykt	189	21.00
Klofningur	165	18.33
Malarvinnslan	134	14.89

B-riðill	stig	meðaltal
Ferðaskrifstofa Vesturlands	189	21.00
VÍS	172	19.11
Vinabær	165	18.33
Sparisjóður Norðlendinga	161	17.89

C-riðill	stig	meðaltal
Esso-sveitin	198	22.00
Grant Thornton	168	18.67
Gylfi Baldursson	150	16.67
ÍAV	141	15.67

D-riðill	stig	meðaltal
Skeljungur	200	22.22
Garðar & vélar	164	18.22
Sparisjóður Dalvíkur	162	18.00
Páll Þórsson	134	14.89



Ómar Olgeirsson og Steingrímur Gautur Pétursson. Ómar sá um að koma út daglegu mótisblaði í úrslitunum, en Steingrímur (og Inda Hrönn Björnsdóttir) stjórnuðu beinum útsendingum á Bridgebase.com.

△	Tólf sveita úrslit	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	alls	-	R
1	Grant Thornton	♦	22	18	13	16	13	12	15	13	16	22	25	185		3
2	Sparisjóður Dalvíkur	8	♦	12	25	12	13	16	13	7	19	6	4	135		
3	Esso-sveitin	12	12	♦	17	10	8	12	16	9	16	12	19	143		
4	VÍS	17	4	13	♦	17	8	20	8	17	19	11	16	150		
5	Gylfi Baldursson	14	18	20	13	♦	12	17	3	11	15	5	20	147	1	
6	Ferðaskrifstofa Vesturl.	17	17	22	22	18	♦	18	22	17	9	17	21	200		1
7	Skeljungur	18	14	18	10	13	12	♦	16	13	6	18	25	163		
8	Sparisjóður Siglufjarðar	15	17	14	22	25	8	14	♦	14	14	17	18	178		
9	Garðar & vélar ehf.	17	23	21	13	19	13	17	16	♦	9	16	21	185		3
10	Eykt	14	11	14	11	15	21	24	16	21	♦	25	25	197		2
11	Vinabær	8	24	18	19	25	13	12	13	14	4	♦	25	175		
12	Klofningur	4	25	11	14	10	9	4	12	9	5	2	♦	105		

## Tólf sveita úrslitin

### Ferðaskrifstofa Vesturlands (200)

Karl Sigurhjartarson, Sævar Þorbjörnsson, Snorri Karlsson, Magnús Magnússon, Matthías Þorvaldsson og Ljósbrá Baldursdóttir.

### Eykt (197)

Jón Baldursson, Þorlákur Jónsson, Aðalsteinn Jörgensen, Sverrir Ármannsson, Ragnar Hermannsson og Sigurður Sverrisson.

### Garðar & vélar (185)

Simon Simonarson, Rúnar Magnússon, Sverrir Kristinsson, Friðjón Þórhallsson, Sigfús Örn Arnason og Hermann Friðriksson.

### Grant Thornton (185)

Jónas P. Erlingsson, Sveinn Rúnar Eiríksson, Hrannar Erlingsson, Oddur Hjaltason, Hrólfur Hjaltason og Eiríkur Hjaltason.

### Sparisjóður Siglufjarðar (178)

Ólafur Jónsson, Bogi Sigurbjörnsson, Kristján Blöndal, Birkir Jónsson og Jón Sigurbjörnsson.

### Vinabær (175)

Hermann Lárusson, Erlendur Jónsson, Þróstur Ingimarsson, Sigtryggur Sigurðsson, Sigurður Vilhjálmsson og Runólfur Pálsson.

### Skeljungur (163)

Ragnar Magnússon, Steinar Jónsson, Bjarni Einarsson, Júlíus Sigurjónsson, Anton Haraldsson og Sigurbjörn Haraldsson.

### Gylfi Baldursson (147)

Gylfi Baldursson, Sigurður B. Þorsteinsson, Steinberg Ríkarðsson, Guðmundur Baldursson, Ísak Örn Sigurðsson og Hlynur Angantýsson.

### Esso-sveitin (143)

Guðm. Sv. Hermannsson, Björn Eysteinnsson, Helgi Jóhannsson, Ásmundur Pálsson og Guðm. P. Arnarson.

### Sparisjóður Dalvíkur (135)

Sigurbjörn Þorgeirsson, Kristján Þorsteinsson, Hákon Sigmundsson, Pétur Guðjónsson og Jónas Róbertsson.

### Klofningur (105)

Sigurður Ólafsson, Halldór Jónbjörnsson, Finnur Magnússon og Guðmundur Gíslason.

## Fjögurra sveita úrslit

Efstu fjórar sveitirnar spiluðu innbyrðis eina umferð á síðasta degi, en héldu áður unnum stigum. Fyrir lokadaginn stóðu sveitir Ferðaskrifstofunnar og Eyktar best að vígi:

### Staðan fyrir lokaúrslit

Ferðaskrifstofa Vesturlands	200
Eykt	197
Garðar & vélar	185
Grant Thornton	185

### FYRSTI LEIKUR

FV - Grant Thornton	25-4
Eykt - Garðar & vélar	19-11

### Staðan eftir fyrsta leik

Ferðaskrifstofa Vesturlands	225
Eykt	216
Garðar & vélar	196
Grant Thornton	189

### ANNAR LEIKUR

Garðar & vélar - FV	14-16
Eykt - Grant Thornton	7-23

### Staðan eftir annan leik

Ferðaskrifstofa Vesturlands	241
Eykt	223
Grant Thornton	210
Garðar & vélar	210

### ÞRIÐJI LEIKUR

FV - Eykt	15-15
Grant Th. - Garðar & vélar	24-6

### Lokastaðan

Ferðaskrifstofa Vesturlands	256
Eykt	238
Grant Thornton	236
Garðar & vélar	216

## Raunasögur ritstjóra

**ÞAD** er hreint ekki gaman að láta valta yfir sig við spilaborðið, en eftir því sem tíminn ber mann fjær sjálfum vígvellinum, sættist maður betur við örlög sín og fer að meta hina sönnu feegurð - fátt er svo illt að eigi boði nokkuð gott. Hér eru tvö spil úr 12 sveita úrslitum, þar sem ritstjórinn var í hlutverki minni-pokamannsins: Ég læt þau flakka:

NORÐUR

♠ G109  
♥ Á A/Allir  
♦ ÁD1096  
♣ ÁG54

VESTUR

♠ 87642  
♥ KD1075  
♦ K  
♣ 108

AUSTUR

♠ ÁKD53  
♥ 86  
♦ G8  
♣ D732

SUÐUR

♠ -  
♥ G9432  
♦ 75432  
♣ K96


Þetta spil er úr þriðju umferð. Sagnir fóru víðast hvar eins af stað: opnun á spaða í austur, pass í suður og stökk í fjóra spaða í vestur. Norður á góð spil, en dobl er ekki heillandi kostur, því makker væri vís með að taka út úr því í fimm hjörtu, enda augljóslega stuttur í spaða. Margir völdu því að passa og spila vörnina í fjórum spöðum ódöbluðum. Það gaf 200 með stungu í hjarta, sem var ekki nóg upp í rakið geim og jafnvel slemmu sem NS eiga.

Þröstur Ingimarsson í sveit Vinabæjar leysti sagnþrautina vel - hann sagði 4G til úttektar, eins og hann ætti minnst 55 í tveimur litum. Sem er vel ígrunduð sögn, því miklar líkur er á að suður sé með fitt við annan láglitinn. Hermann Lárusson var í suður, en í andstöðunni voru liðsmenn Essósveitarinnar, Björn Eysteinson og Guðm. P. Arnarson:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Björn	Þröstur	Guðm.	Hermann
-	-	1 ♠	Pass
4 ♠	4 G	Pass	5 ♦
5 ♠	Dobl	Pass	6 ♦
Pass	Pass	Pass	

Fjögur grönd gat verið fórnarsögn, en þegar Þröstur doblar 5♠ næst sýnir hann sterk spil og Hermann ákveður þá að segja 6♦ til vinnings. Útspilið var ♥K.

Hermann lagði niður ♦Á í öðrum slag og fangaði kónginn. Hann tók ♦D líka, og víxltrampaði svo spaða og hjarta.



Lokauppgjörið og úrslitin ljós: *Matthías, Magnús, Karl, Snorri, Sævar og Ljósbrá.*

Hagstæð lega í hjarta hefði leyst allan vanda, en vestur átti fimmlit, svo slag þurfti á lauf. Lokastaðan var þessi:

NORÐUR

♠ -  
♥ -  
♦ -  
♣ ÁG54

VESTUR

♠ 8  
♥ D  
♦ -  
♣ 108

AUSTUR

♠ 5  
♥ -  
♦ -  
♣ D73

SUÐUR

♠ -  
♥ G  
♦ -  
♣ K96

Austur hafði aðeins sýnt 10 punkta þegar hér var komið sögu (♠ÁKD og ♦G) og hlaut því að eiga ♣D fyrir opnun sinni á einum. Hermann fór því af stað með ♣G og lét hann rúlla: 12 slagir.

Hitt spilið örlagaríka leit þannig út:

NORÐUR

♠ G52  
♥ G87 S/Allir  
♦ D985  
♣ ÁG7

VESTUR

♠ KD87  
♥ 43  
♦ 76  
♣ D8653

AUSTUR

♠ 94  
♥ Á96  
♦ KG43  
♣ 10942

SUÐUR

♠ Á1063  
♥ KD1052  
♦ Á102  
♣ K

Vestur Norður Austur Suður

Sigfús	Ásmundur	Friðjón	Guðm.
-	-	-	1 ♥
Pass	2 ♥	Pass	4 ♥
Pass	Pass	Pass	

Hér var ritstjórinn í sagnhafasætinu gegn liðsmönnum Garða & véla, þeim Sigfúsi Erni Árnasyni og Friðjóni Þórhallssyni.

Sigfús Örn kom út með spaðakóng og Friðjón fylgdi með fjarkanaum, sem er kall eða tvíspil. Eftir að blindur kom upp, höfðu spilarar sammælst um að fá sér kaffisopa, svo greinarhöfundur var búinn að leggja línurnar í úrspilinu. Það yrði að dúkka spaðann fumlaut ef austur sýndi tvílit.

Sigfús Örn treysti kalli makkers og hélt áfram með spaðann. Gosinn átti þann slag og síðan var hjarta spilað á kóng, ♣K tekinn og ♥10 spilað, sem Friðjón drap. Staðan var nú:

NORÐUR

♠ 5  
♥ G  
♦ D985  
♣ ÁG

VESTUR

♠ D8  
♥ -  
♦ 76  
♣ D865

AUSTUR

♠ -  
♥ 9  
♦ KG43  
♣ 1094

SUÐUR

♠ Á10  
♥ D52  
♦ Á102  
♣ -

Austur er inni á hjartaás. Ef austur spilar hlutlaust trompi um hæl, er ljóst að hann er með ♦K, svo spilið vinnst auðveldlega: Spaða er hent í ♣Á og ♦D spilað til að veiða kónginn.

Friðjón sá þetta fyrir og spilaði galvaskur litlum tígli undan KG!!!

Kvikindið! Greinarhöfundur drap á ás, tók ♥D og spilaði tígli á drottninguna...

# SPIL FRÁ LOKAÚRSLITUM

**ÞAÐ ER** sitthvað að skoða allar hendur á blaði eða sitja við borðið og glíma við vandann frá einu sjónarhorni. Á næstu blaðsíðum eru valin spil frá lokadegi Íslandsmótins þar sem lesandinn er fyrst settur í ákveðið sjónarhorn og látinn taka afstöðu. Áttum og númerum spila er breytt samviskulaust til að þjóna hagsmunum frásagnarinnar.



**ÞÚ ERT** í fjórðu hendi, allir á hættu, með þessi spil í norður:

♠ K9854 ♥ 4 ♦ 10 ♣ DG9432

Fyrsti maður opnar á *mini*-grandi, 10-12, makker passar og næsti yfirfærir í hjarta með 2♦. *Viltu blanda þér í þetta?*

## Spil 1 Austur gefur; allir á hættu

NORÐUR	
♠ K9854	
♥ 4	
♦ 10	
♣ DG9432	
VESTUR	AUSTUR
♠ DG	♠ Á6
♥ KDG973	♥ Á85
♦ 753	♦ G9862
♣ 65	♣ K107
SUÐUR	
♠ 10732	
♥ 1062	
♦ ÁKD4	
♣ Á8	

Þetta er ekki staða til að hafa áhyggjur af punktum - eða skorti á þeim. Skiptingin heimtar aðgerðir og þá er betra að sýna tíu spil ein fimm. Magnús Magnússon skellti sér inn á 2♥ - lit andstöðunnar - til að sýna spaða og láglit:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Sveinn	Magnús	Hrannar	Ljósbrá
-	-	1 G*	Pass
2 ♦ **	2 ♥ ***	Pass	4 ♠ ///

\* 10-12 HP \*\* Yfirfærsla \*\*\* Michaels

Ljósbrá stökk í 4♠ og fékk þar tíu slagi með því að svína fyrir laufkóng og fría laufið: 620.

Jón og Þorlákur náðu líka geiminu, en þá opnaði austur á tígli og Jón dobaði með suðurspilin, þrátt fyrir styrkinn í tígli. Vestur sagði 1♥, en Þorlákur stökk í 4♠. Á hinum borðunum tveimur spiluðu AV 4♥ (einn niður) og 2♥ (slétt unnin).

**AFTUR** ertu síðastur að taka til máls, nú í austur, utan hættu gegn á hættu:

♠ 108763 ♥ - ♦ ÁD82 ♣ K872

Fyrsti maður vekur á 4♥ og það kemur passað til þín. *Er eitthvað um það að segja?*

## Spil 2 Suður gefur; AV á hættu

NORÐUR		AUSTUR	
♠ ÁK4		♠ 108763	
♥ DG		♥ -	
♦ G10954		♦ ÁD82	
♣ ÁG9		♣ K872	
VESTUR		SUÐUR	
♠ G5		♠ D92	
♥ K76		♥ Á10985432	
♦ 763		♦ K	
♣ D6543		♣ 10	

Nútíma tækni og vísindi krefjast þess að austur dobli (til úttekta) með þessa skiptingu, því það er með líkum að AV eigi geim, eða töluna í vörn ef vestur á mikinn styrk í hjarta. Tveir spilarar gerðu það, annar þeirra Jón Baldursson gegn Símoni Símonarsyni og Rúnari Magnússyni. Þar var fast tekið á móti:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Þorlákur	Rúnar	Jón	Símon
-	-	-	4 ♥
Pass	Pass	Dobl	Pass
Pass	RD ///		

Símon fékk 11 slagi og 1080 fyrir spilið. Svona er lífið við spilaborðið.



**NÚ ER** það vörmin. Þú er í vestur í vörn gegn 3♠ dobluðum:

BLINDUR  
♠ 10975  
♥ ÁK3 N/AV  
♦ DG95  
♣ 86

ÞÚ  
♠ K86  
♥ 987  
♦ 1064  
♣ ÁK107

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	Pass	Pass	2 ♠
Pass	3 ♠	Dobl ///	

Opnun suðurs er "veikir tveir", sem getur verið allt milli himins og jarðar á þessum hættum og þú velur að passa úttekta-dobl makkers. Og kemur út með laufás. Makker lætur þristinn (kall eða jöfn tala), en sagnhafi tvistinn. *OK - hvað næst?*

## Spil 3 Norður gefur; AV á hættu

NORÐUR		AUSTUR	
♠ 10975		♠ Á	
♥ ÁK3		♥ G10652	
♦ DG95		♦ Á8732	
♣ 86		♣ 43	
VESTUR		SUÐUR	
♠ K86		♠ DG432	
♥ 987		♥ D4	
♦ 1064		♦ K	
♣ ÁK107		♣ DG952	

Ekkert er svo sem sjálfgefið, en það væri dýrkeypt græðgi að spila hjarta og reyna að sækja þar slag. Hrannar Erlingsson var í vestur og Sveinn Rúnar Eiríksson í austur, en NS voru Magnús Magnússon og Ljósbrá Baldursdóttir. Hrannar sá að hjartað var langsótt og spilaði tígli, enda líklegt að makker ætti þar styrk, jafnvel ÁK. Það reyndist vel heppnað og spilið fór einn niður.



**ÞÁ ER** að setjast í sagnhafasætið:

BLINDUR  
♠ 852  
♥ G854  
♦ D82  
♣ D95

ÞÚ  
♠ ÁKDG43  
♥ ÁK109  
♦ 6  
♣ 84

Vestur	Norður	Austur	Suður
1 ♦	Pass	3 ♦	4 ♠ ///

Kerfi mótherjanna er *Standard* og stökk austurs í þrjá tígla hindrun.

Útspil vesturs er tígulkóngur og austur setur gosann, sem sýnir fimmlit. Vestur skiptir þá yfir í lítið tromp. *Nú tekur þú við.*



## Spil 4

Vestur gefur; AV á hættu

NORÐUR  
♠ 852  
♥ G854  
♦ D82  
♣ D95

VESTUR  
♠ 10976  
♥ 73  
♦ ÁK97  
♣ ÁK3

AUSTUR  
♠ -  
♥ D62  
♦ G10543  
♣ G10762

SUÐUR  
♠ ÁKDG43  
♥ ÁK109  
♦ 6  
♣ 84

Til að vinna þetta spil þarf að stinga upp spaðaáttu og nota innkomuna til að svína fyrir hjartadrottningu.

Skýrendur á *Bridgebase* voru fljótir að benda á að það væri strangt tekið rétt að fara upp með áttuna, því ef spaðinn væri 2-2, myndi fimman hvort sem er skapa innkomu.

Nokkuð til í því, en Rúnar Magnússon var með hugann við annað og lét lítinn spaða úr borði og þurfti því að taka slaginn heima. "Nú er spilið búið," sögðu skýrendur, en Rúnar fékk annað tækifæri: Hann aftrompaði vestur og spilaði svo laufi að blindum. Vestur var Jón Baldursson og hann dúkkaði fumlaut með ÁK! En Rúnar trúði ekki á kraftaverk og lét níuna, svo vörnin fékk því á endanum fjórða slaginn á hjarta. Og áhorfendum var vel skemmt.



**ÞRJÚ** grönd eða fjórir spaðar? Þitt er valið:

♠ KD2 ♥ ÁD72 ♦ DG9 ♣ K85

Þú opnar á 15-17 punkta grand, makker yfirfærir í spaða og stekkur síðan í 3G. *Viltu spila þann samning eða breyta í fjóra spaða?*



*Ferðaskrifstofan gegn Eykt. Karl Sigurhjártarson og Sævar Þorbjörnsson spila við Þorlák Jónsson og Jón Baldursson. Steingrímur Gautur skráir á Netið.*

## Spil 5

Austur gefur; enginn á hættu

NORÐUR  
♠ Á9874  
♥ K10  
♦ Á74  
♣ G73

VESTUR  
♠ G10653  
♥ 85  
♦ 8  
♣ ÁD964

AUSTUR  
♠ -  
♥ G9643  
♦ K106532  
♣ 102

SUÐUR  
♠ KD2  
♥ ÁD72  
♦ DG9  
♣ K85

Eins og iðulega í slíkum spilum er betra að reyna þrjú grönd með jafna skiptingu, þrátt fyrir stuðning við hálit makkers.

Á þremur borðum af fjórum varð suður sagnhafi í 3G. Hermann Friðriksson var við stýrið á einu borðinu. Hann fékk út smátt lauf og stakk upp gosa blinds. Spilaði svo spaða á kóng, en lét sér hvergi bregða við leguna, því hann gat nú sótt sér níunda slaginn á spaða án þess að austur kæmist inn til að spila laufi.

En mesta fjórið var í opna salnum í leik Ferðaskrifstofunnar og Garða & véla:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Friðjón	Snorri	Sigfús	Sævar
-	-	Pass	1 ♣
Pass	1 ♠	Pass	1 G
Pass	2 ♦	Dobl	2 ♥
Pass	2 ♠	Pass	3 ♠
Pass	4 ♠	Pass	Pass
Dobl	RD ///		

Snorri Karlsson og Sævar Þorbjörnsson spila veikt grand, svo Sævar sýnir 15-17 punkta með endursögninni á einu grand. Snorri krefur í geim með *tvihleypunni* og síðan finna þeir spaðasamleguna. Í millitíðinni hafði Sigfús Örn doblað tvo tígla til útspils og það var nóg til þess að Friðjón lét eftir sér að refsíðobla fjóra spaða (feginn því að hafa ekki komið inn á einum spaða). Snorra var misboðið og redoblaði, enda vissi hann að styrkurinn var nægur.

Sigfús kom út með lauftú og Friðjón tók þar tvo slagi, en skipti síðan yfir í tígul. Snorri drap með ás og spilaði spaða á kóng. Þegar legan kom í ljós reyndi Snorri að vinna spilið með því að svína hjartatíu. Hann gat ekki áttað sig á lauflegunni (nían óséd) og hugmyndin var að henda tveimur tígulum niður í ÁD í hjarta. Það gekk ekki eftir og spilið endaði þrjú niður, sem gaf AV 1000-kall.

NÚ FÆR lesandinn erfitt verkefni:

BLINDUR  
♠ 4  
♥ Á864  
♦ ÁK94  
♣ KD109

ÞÚ  
♠ ÁG108532  
♥ -  
♦ G862  
♣ 63

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	2 ♦ *	4 ♠
Pass	5 ♣	Pass	5 ♥
Pass	6 ♠ ///		

\* *multi* - veikir tveir í hálit

Auðvitað er eitthvað mikið athugavert við sagnir, en látum það liggja á milli hluta. Opnun austurs á 2♦ er *multi* og greinilega er sögnin byggð á hjartalit. Vestur hefur reiknað það út og byrjar hjartagosa. *Taktu við stýrinu.*

## Spil 6

Austur gefur; AV á hættu

NORÐUR  
♠ 4  
♥ Á864  
♦ ÁK94  
♣ KD109

VESTUR  
♠ K97  
♥ KG10  
♦ D107  
♣ G874

AUSTUR  
♠ D6  
♥ D97532  
♦ 53  
♣ Á52

SUÐUR  
♠ ÁG108532  
♥ -  
♦ G862  
♣ 63

Eiríkur Hjaltason var í suður, en í andstöðunni voru Aðalsteinn Jörgensen og Sverrir Ármannsson. Eiríkur sá strax að spilið var vonlaust (nánast), en gerði sitt besta þegar hann trompaði útspilið heima og spilaði laufi að blindum.

Aðalsteinn í austur hafði aðra sýn og hann dúkkaði laufkónginn leifursnöggt, enda gat vandamál sagnhafa snúist um hitting í laufið.

Eiríkur henti þá laufi í hjartaásinn og spilaði svo trompi á gosann og kóng vesturs. Sverrir svaraði með hjarta og þegar spaðadrottningin kom í ásinn, var tígulinn eina hindrunin sem eftir var. Eiríkur ákvað að tvisvína fyrir D10 og henti gosanum á borðið og lét hann fara þegar Sverrir dúkkaði. Tólf slagir!!!

**GLÍMUM** næst við fræðilega spurningu eftir *tvo-yfir-einum* í Standard:

♠ ÁK102 ♥ ÁD9732 ♦ 54 ♣ 10

Þú opnar á 1♥ og makker svarar á 2♣, sem er geimkrafa. *Hvort segirðu tvö hjörtu eða tvo spaða og hver er munurinn?*

Hagkvæmnisrök mæla með 2♥ til að sýna sjötta hjartað, því makker getur þá sagt 2♠ með fjórlit þar. Kaupum þau rök og makker meldar 2G við 2♥. Þú segir 3♠ og hann 4♥. *Viltu bæta einhverju við það?*

### Spil 7

Suður gefur, allir á hættu

NORÐUR		AUSTUR	
♠ D87		♠ G94	
♥ G6		♥ 1054	
♦ Á62		♦ G73	
♣ ÁKD98		♣ G754	
VESTUR		SUDUR	
♠ 653		♠ ÁK102	
♥ K8		♥ ÁD9732	
♦ KD1098		♦ 54	
♣ 632		♣ 10	

Sex hjörtu er góð slemma í NS, en tvö pör létu geim duga eftir sömu sagnir:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Aðalsteinn	Eiríkur	Sverrir Á.	Oddur
Matthias	Hermann F.	Magnús	Sverrir Kr.
-	-	-	1 ♥
Pass	2 ♣	Pass	2 ♥
Pass	2 G	Pass	3 ♠
Pass	4 ♥ ///		

Er norður að leita að besta geimi þegar hann segir 2G eða bjóða upp á slemmu? Það er lykilsurningin.

Annað orðalag: Myndi norður melda eins með spil af þessum toga?

♠ Dxx ♥ 10x ♦ Kxx ♣ ÁDGxx

Tæplega - með þessa hönd væri eðlilegt að stökkva í 4♥ við 2♥ (eða 3G). Norður er því að kanna slemmuhorfur þegar hann segir fyrst 2G og síðan 4♥ við 3♠, svo það er meira á ábyrgð suðurs að halda áfram.

Hitt er annað mál að það er óþjálmt að opnari skuli ekki geta staðsett sig betur í styrk eftir svar á nýjum lit á öðru þrepi - 2ja hjarta endursögn suðurs sýnir aðeins sexlit, en punktanir geta verið 12-20. Og suður á, þrátt fyrir allt, lágmarksopnun.

**MAKKER** segir pass í upphafi og næsti maður vekur á 4♥. Þú ert utan hættu gegn á hættu með þessi spil í norður:

♠ Á9643 ♥ - ♦ 96532 ♣ Á108

*Viltu skipta þér af þessu?*



*Ferðaskrifstofan gegn Eykt. Ljósbrá Baldursdóttir og Magnús Magnússon á móti Sverri Ármannssyni og Aðalsteini Jørgensen.*

Sumir segja að opnun á 4♥ sé yfirfærsla í 4♠ - hjá andstæðingunum. En er þetta kannski einum of beinaber spaði?

### Spil 8

Suður gefur, AV á hættu

NORÐUR		AUSTUR	
♠ Á9643		♠ D7	
♥ -		♥ G762	
♦ 96532		♦ ÁKG4	
♣ Á108		♣ DG5	
VESTUR		SUDUR	
♠ K		♠ G10852	
♥ ÁKD10953		♥ 84	
♦ 1087		♦ D	
♣ 43		♣ K9762	

### FERÐASKRIFSTOFAN & EYKT

<i>Opinn salur</i>	5♠x -1	100 AV	
Vestur	Norður	Austur	Suður
Sverrir Á.	Magnús	Aðalsteinn	Ljósbrá
-	-	-	Pass
4 ♥	Pass	Pass	4 ♠
Pass	Pass	5 ♥	Pass
Pass	5 ♠	Dobl ///	

Maggi Magg hafði ekki "maga" í 4♠, en Ljósbrá kom til bjargar í bakhöndinni.

<i>Lokaður salur</i>	5♠x -1	100 AV	
Vestur	Norður	Austur	Suður
Karl	Jón	Sævar	Þorlákur
-	-	-	2 ♦ *
4 ♥	4 ♠	5 ♥	Pass
Pass	5 ♠	Dobl ///	

Opnun Þorláks á 2♦ sýndi 55+ í hálit og láglit og af því skýrist framhaldið.

### GRANT TH. & GARDAR/VÉLAR

<i>Opinn salur</i>	6♥-2	200 NS	
Vestur	Norður	Austur	Suður
Sverrir Kr.	Eiríkur	Hermann	Jónas
-	-	-	Pass
1 ♥	1 ♠	2 ♠ *	4 ♠
5 ♥	5 ♠	6 ♥ ///	

\* góð hækkun í hjarta

<i>Lokaður salur</i>	4♥=	620 AV	
Vestur	Norður	Austur	Suður
Sveinn	Simon	Hrannar	Rúnar
4 ♥	Pass	Pass	Pass

Hvorki Símoni né Rúnari leist á að melda við 4♥. Og við því er lítið að segja, því áhættan er nokkur frá báðum séð. En Eiríkur og Jónas eiga léttu leið inn í sagnir eftir opnun Sverris Kristinsonar á einu hjarta og kannski segir það einhverja sögu um bestu opnunina á spil vesturs.

-----

**KERFIÐ** er Standard og þú opnar á 1♠ með þessi spil í fyrstu hendi, á hættu gegn utan:

♠ ÁK652 ♥ 9 ♦ Á73 ♣ ÁK109

Sagnir þróast síðan þannig:

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	-	1 ♠
Pass	2 ♠	4 ♥	4 ♠
5 ♥	Pass	Pass	?

*Hver er sögnin?*



*Gardar & vélar gegn Grant Thornton. Frá vinstri: Kristján Blöndal, Friðjón Þórhallsson, Inga Hrönn Björnsdóttir starfsmaður, Jón Sigurbjörnsson og Sigfús Örn Árnason.*

## Spil 9

Suður gefur; NS á hættu

NORÐUR	
♠ DG83	
♥ 73	
♦ DG6	
♣ D432	
VESTUR	AUSTUR
♠ -	♠ 10974
♥ G1086	♥ ÁKD542
♦ K9852	♦ 104
♣ G875	♣ 6
SUÐUR	
♠ ÁK652	
♥ 9	
♦ Á73	
♣ ÁK109	

Á tveimur borðum fengu AV að spila 5♥ dobluð, sem unnust léttilega. Það má vinna 5♠ í NS, svo eitthvað hlýtur að vera bogið við sagnir hér:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Þorlákur	Karl	Jón	Sævar
-	-	-	1 ♠
Pass	2 ♠	4 ♥	4 ♠
5 ♥	Pass	Pass	Dobl ///

Það er erfitt að gagnrýna suður fyrir dobluð á 5♥, né heldur er sjálfgefið að norður eigi að segja 5♠. En hugsanlega liggur vandinn í svari norðurs: fjórlitur er mikilvægur stuðningur, sem einföld hækkun megnar ekki að sýna. Spilið er áróður fyrir Bergen-sagnvenjunni:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Jónas	Sverrir Kr.	Eiríkur	Hermann
-	-	-	1 ♠
Pass	3 ♦ *	4 ♥	5 ♣
5 ♦	5 ♠	6 ♥	Dobl ///

Svar Sverris á 3♦ sýndi fjórlit í spaða og 6-9 punkta. Í framhaldinu tóku svo allir réttar ákvarðanir og útkoman varð parskor: einn niður í 6♥ dobluðum.

**NÆSTA** viðfangsefni snýst um að velja opnun. Þú ert í fyrstu hendi, allir utan:

♠ ÁKD732 ♥ 7 ♦ 82 ♣ G732

Hver er opnunin?



## Spil 10

Vestur gefur; enginn á hættu

NORÐUR	
♠ G985	
♥ 8	
♦ Á743	
♣ ÁK105	
VESTUR	AUSTUR
♠ ÁKD732	♠ 106
♥ 7	♥ K432
♦ 82	♦ KG
♣ G732	♣ D9864
SUÐUR	
♠ 4	
♥ ÁDG10965	
♦ D10965	
♣ -	

Þetta sýnist vera spurning um einn eða tvo spaða, en bæði Karl Sigurhjártarson og Sverrir Ármannsson opnuðu á fjórum spaðum!

Það reyndist vera sterkur leikur:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Karl	Jón	Sævar	Þorlákur
Sverrir Á.	Magnús	Aðalsteinn	Ljósbrá
4 ♠	Pass	Pass	5 ♥ ///

Fimm hjörta fóru einn niður, en á hinum borðunum tveimur fengu NS að spila 4♥ dobluð, slétt unnin, eftir rólegri byrjun vesturs.



**LOKS** fær lesandinn að spreyta sig á 3G, þar sem taka þarf ákvarðanir hægt og rólega eftir því sem spilinu vindur fram:

BLINDUR  
 ♠ ÁK10  
 ♥ Á7  
 ♦ KG87  
 ♣ Á842

Þú  
 ♠ 6532  
 ♥ 1042  
 ♦ Á62  
 ♣ KG9

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	1 ♦	Pass	1 G
Pass	3 G ///		

Útspil: ♠4 - fjórða hæsta.

Hvernig á að byrja?

*Fjórir af liðsmönnum Eyktar með silfrið sitt: Jón Baldursson, Sverrir Ármannsson, Þorlákur Jónsson og Aðalsteinn Jörgensen. Fjarverandi voru Sigurður Sverrisson og Ragnar Hermannsson.*



*Bronssveit Grants Thorntons: Hrannar Erlingsson, Hrólfur Hjaltason, Jónas P. Erlingsson, Sveinn Rúnar Eiríksson og Eiríkur Hjaltason. Á myndina vantar Odd Hjaltason.*

Það borgar sig varla að svína spaðatiu og fyrir því eru tvær ástæður: Vestur hefði kannski spilað út drottningu frá ♠DGxx, (alla vega frá ♠DG9x), en auk þess eru of margir möguleikar til vinnings til að taka þá áhættu að hleypa austri strax inn og fá hjarta til baka.

Þú drepur því á spaðaás (sjöan frá austri) og spilar laufi á gosann. En vestur drepur og skiptir yfir í ♥3. Þú dúkkar, austur fær slaginn á gosann og spilar litlu hjarta, en vestur hendir kóng undir. Hann virðist þá hafa byrjað með ♥Kxx.

Þú tekur næst á laufkóng og færð tíuna í frá austri. Nú eru málin farin að skýrast og leiðin að nýnda slagnum liggur í loftinu:

## Spil 11

Norður gefur; AV á hættu

NORÐUR	
♠ ÁK10	
♥ Á7	
♦ KG87	
♣ Á842	
VESTUR	AUSTUR
♠ G984	♠ D7
♥ K63	♥ DG985
♦ 43	♦ D1095
♣ D763	♣ 105
SUÐUR	
♠ 6532	
♥ 1042	
♦ Á62	
♣ KG9	

Jón Baldursson var við stýrið og hann lauk verkinu með því að taka laufslagina og spaðakónginn, spila tígli á ásinna og senda austur svo inn á hjarta. Austur átti þá eftir D10 í tígli og varð að spila upp í gaffalinn.

Þrjú grönd unnust á öðru borði þar sem vestur kom út með lauf upp í gaffalinn, en tveir sagnhafar fóru niður eftir útspil í hjarta.

# SAGNKEPPNI

Þátttakendur sagnkeppninnar eru tvö pör opna flokksins sem spiluðu fyrir Íslands hönd á Norðurlandamótinu í Vingsted - annars vegar þeir **Bjarni Hólmar Einarsson** og **Sigurbjörn (Bessi) Haraldsson**, en hins vegar **Steinar Jónsson** og **Július Sigurjónsson**.

Kerfi beggja para er Standard, nema hvað Bjarni og Bessi spila breytilegt grand og oft mjög veikt, en grandíð hjá Júlla og Steinari er alltaf 15-17.

## SPIL 1

A/Allir

VESTUR

♠ D10

♥ 853

♦ ÁKD73

♣ 742

Bjarni

-

1 G = krafu

2 ♦ = 9-12 HP

4 ♦ = fyrirstaða

5 ♦ = 1/4 lykilspil

5 G = neitun á TD

Július

-

1 G = krafu

2 ♦ = 9-12 HP

3 ♠ = hálfstuðningur

4 ♦ = fyrirstaða

5 ♦ = 1/4

6 ♠ = jánun á TD

AUSTUR

♠ Á8432

♥ ÁKG7

♦ 9

♣ ÁKD

Bessi

1 ♠

2 ♣ = Nornin

3 ♥ = 16+ HP, 5-4+

4 G = RKC m/hjarta

5 ♠ = spurning um TD

6 ♥ /

Steinar

1 ♠

2 ♣ = Nornin

3 ♥ = 16+ HP, 5-4+

4 ♣ = fyrirstaða

4 G = RKC m/spaða

5 ♥ = TD?

6 G /

“Þetta eru nornaveiðar,” sagði ónefnd ugla, en ritstjórinn vísar því alfarið á bug, eins og vanur stjórnmálamaður. Spilið er bara erfitt viðureignar.

En sem sagt: Bæði pör nota hina sænsku Nornaútsferslu í framhaldi af kröfugrandi: Tvö lauf er tvírað sögn, annað hvort 11-15 punktar með lauf eða jafna skiptingu til hliðar, ellegar 16+ HP.

Tveir tíglar svarhandar segja frá 9-12 HP og opnari sýnir sterku spilin með stökki í þrjú hjörtu. Þar með er ljóst að styrkurinn er umtalsverður, en þar sem ekkert fitt er að finna og tíur og níur skornar við nögl, reynist best að spila bara geim.

Svona er lífið.

3G=10, 4G=8, 4♠=8, 4♥=8, 5♦=6, 5G=4, 5♠=4, 5♥=4, 6G=2, 6♠=2, 6♥=1, 6♦=1

**Bjarni og Sigurbjörn: 1 stig**

**Július og Steinar: 2 stig.**

## SPIL 2

V/Allir

Vestur

♠ Á10964

♥ DG3

♦ ÁK765

♣ -

Bjarni

1 ♠

4 ♣ = eyða

5 ♦ = fyrirstaða

6 ♥ = 2 án TD

Austur

♠ KDG5

♥ ÁK6

♦ 3

♣ DG843

Bessi

2 G = spaðafitt, 10+

4 ♦ = fyrirstaða

5 G = RKC

7 ♠ /

Július

1 ♠

3 ♥ = stutt lauf

5 ♣ = eyða

5 G = sp. um aukastyrk

7 ♠ /

Steinar

2 G = spaðafitt, 10+

4 ♦ = fyrirstaða

5 ♥ = fyrirstaða

6 ♥ = ÁK í hjarta

Það er gamla sagan - allt verður einfaldara þegar samlegan finnst strax. Hér er vandinn mestur að staðsetja eyðuna í laufi í vestur; en báðum pörum tekst það auðveldlega, þótt útfærslan sé mismunandi.

7♠=10, 6♠=6, 5♠=2

**Bjarni og Sigurbjörn: 11 stig.**

**Július og Steinar: 12 stig.**

## SPIL 3

A/AV

Vestur

♠ Á73

♥ DG74

♦ D108

♣ Á82

Bjarni

-

2 ♦ = biðsögn

3 ♣ = Romex

4 ♥ = slemmuáhugi

4 G = RKC

5 ♦ = TD?

6 ♥ = gerðu það!

Austur

♠ KDG62

♥ ÁK5

♦ ÁK

♣ G104

Bessi

2 ♣ = ýmislegt

2 G = 22-24 j.s.

3 ♠ = 5-litur

4 ♠ = niðurmelding

5 ♣ = 3 lykilspil

5 G = jánun, en....

7 ♠ /

Július

-

3 ♣ = Romex

4 ♣ = fyrirstaða

6 ♠ /

Steinar

2 G = 20-22 HP

3 ♠ = 5-litur

4 ♦ = fyrirstaða

Opnun Sigurbjörns á tveimur laufum gat verið veik með tígul og svar vesturs er við það miðað. En svo sýnir Bessi 22-24 HP og jafna skiptingu í næstu sögn. Hann á reyndar ekki nema 21 punkt, en uppmetur spilin út á fimmta spaðann og lauftiuna. Það kemur sér vel, því Bjarni eygir möguleika á alslemmu þegar hann

fréttir af fimmlit í spaða. Hann fær upp lykilspilinn og trompdrottningu, en óskar eftir frekari aðstoð með sex hjörtum, sem er spurning um hjartakónginn.

Steinar segir satt og rétt frá punktunum í byrjun og það verður til þess að Július hefur lítinn áhuga á alslemmu.

7G=10, 7♠=10, 7♥=8, 6G=5, 6♠=5, 6♥=4

**Bjarni og Sigurbjörn: 21 stig.**

**Július og Steinar: 17 stig.**

## SPIL 4

V/Enginn

Vestur

♠ Á1073

♥ Á94

♦ DG6

♣ K74

Bjarni

1 ♣

2 ♠ = 14-15 j.s.

4 ♠

5 ♥ = 2 án TD

Austur

♠ KDG8

♥ D6

♦ ÁK10

♣ Á965

Bessi

1 ♠

3 ♣ = hjálparleit

4 G = RKC

6 ♠ /

Július

1 ♣

2 ♠

3 ♥ = styrkur

4 ♠ /

Steinar

1 ♠

3 ♦ = styrkur

4 ♣ = fyrirstaða

Sagnir byrja eins hjá báðum, nema hvað Bjarni lofar 14-15 HP með hækkun sinni í tvo spaða ef skiptingin er jöfn (grandíð er 11-13 í þessari stöðu).

4G=10, 5♠=10, 5G/A=6, 5G/V=4, 6♠=3, 6G=1

**Bjarni og Sigurbjörn: 24 stig.**

**Július og Steinar: 27 stig.**

## SPIL 5

A/NS

Vestur

♠ 1074

♥ Á9

♦ ÁKDG83

♣ G2

Bjarni

-

2 ♦ = GK

3 ♦

4 ♦

5 ♦ /

Austur

♠ G3

♥ KD10875

♦ -

♣ ÁKD103

Sigurbjörn

1 ♥

3 ♣ = góð opnun

3 ♥

4 ♥

Július

-

2 ♦ = GK

3 ♦

4 ♥ /

Steinar

1 ♥

3 ♣

3 ♥

**Bjarni H. Einarsson  
& Sigurbjörn Haraldsson**

-----  
**Steinar Jónsson  
& Júlíus Sigurjónsson**

Bjarni meldar tígulinn þrisvar og setur hann þar með sem tromp. Eigi að síður taldi Bjarni að hann hefði átt að passa fjögur hjörtu, því Bessi myndi óhikað melda fjóra spaða strax með fyrirstöðu þar. - Júlíus lætur duga að tvímelda tígulinn og hækka svo í fjögur hjörtu þegar makker sýnir sexlit.

4♥=10, 5♥=8, 5♣=6, 3G=5, 6♥=3, 6♣=2, 6♦=1, 5♦=1

**Bjarni og Sigurbjörn: 25 stig.**  
**Júlíus og Steinar: 37 stig.**

**SPIL 6**

V/NS

Vestur                      Austur  
♠ ÁG10                      ♠ 5  
♥ Á5                              ♥ G964  
♦ Á10                             ♦ KD6  
♣ Á86543                      ♣ KG972

Bjarni                        Sigurbjörn  
1 ♣                              1 ♥  
2 ♠ = vending              3 ♣ = uppbyggjandi  
4 ♣ = slemmuáhugi        4 ♦ = fyrirstaða  
4 ♥ = fyrirstaða            4 ♠ = fyrirstaða  
4 G = RKC                    5 ♦ = eitt lykilsþil  
5 ♥ = sp. um TD             7 ♣ /

Júlíus                        Steinar  
1 G = 15-17                2 ♣ = Stayman  
2 ♦                              2 ♠ = sp. um skiptingu  
3 ♣ = fimmlitur            5 ♣

Júlíus sá eftir því að hafa opnað á 15-17 punkta grandi með alla ásana og sexlit, en það má segja að sú ákvörðun valdi því að alslemma kemur aldrei til álíta hjá þeim.

Bjarni vekur á laufi og vendir sér svo í falska tvo spaða við hjartasvarinu. Allt gengur að óskum, en það hefði verið meira sannfærandi ef austur hefði spurt um lykilsþil og keyrt í sjö, því hann á auðveldara með að sjá að rauðu litirnir eru dekkadír.

7♣=10, 6♣=6, 5G=4, 6G=2, 5♣=1

**Bjarni og Sigurbjörn: 35 stig.**  
**Júlíus og Steinar: 43 stig.**

**SPIL 7**

A/Enginn

Vestur                      Austur  
♠ 74                             ♠ ÁKG83  
♥ 9653                        ♥ ÁK  
♦ Á109762                  ♦ DG4  
♣ 8                              ♣ Á65

Bjarni                        Sigurbjörn  
-                                2 ♣  
2 ♦ = biðsögn              2 G = 22-24  
3 ♣ = Romex                3 ♠ = fimmlitur  
4 ♦ = eðlilegt              4 ♥ = fyrirstaða  
6 ♦ /

Júlíus                        Steinar  
-                                2 G = 20-22  
3 ♣ = Romex                3 ♠ = fimmlitur  
5 ♦                              6 ♦ /

Hækkun Steinars í sex tígla er rökrétt, því hann reiknar með að makker sé með fjórlit í hjarta til hliðar við tígulinn og þá þarf lítið annað en tígulkóng til að slemma vinnist. Á hinn bóginn er stökk Bjarna í slemmu kannski ótímabært, því auðvitað gæti vantað ÁK í spaða. Það virðist betra að segja fimm lauf og láta austur taka síðustu ákvörðun.

6♦=10, 5♦=7, 4♠=7, 5♠=5, 3G=4, 7♦=3, 6♠=2, 6G=1

**Bjarni og Sigurbjörn: 45 stig.**  
**Júlíus og Steinar: 53 stig.**

**SPIL 8**

V/AV

Vestur                      Austur  
♠ ÁD53                      ♠ K9  
♥ ÁK64                        ♥ 75  
♦ ÁD54                        ♦ 63  
♣ 7                              ♣ DG109865

Bjarni                        Sigurbjörn  
1 ♦                              1 G = 6-10  
2 ♠ = vending              3 ♣  
3 G                              5 ♣ /

Júlíus                        Steinar  
1 ♦                              1 G = 6-10  
2 ♠ = vending              3 ♣  
3 G /

Þótt Standard teljist vera "eðlilegt" kerfi verður stundum að grípa til óeðlilegra sagna - og það er einhvern veginn ekkert eðlilegt við að svara á grandi með þennan laufliit. En það virkar, því iðulega fær svarhönd tækifæri til að sýna litinn í næsta hring.

5♣=10, 4♣=6, 1G=4, 2♠=3, 2♥=3, 2♦=3, 2G=3, 3G=2

**Bjarni og Sigurbjörn: 55 stig.**  
**Júlíus og Steinar: 55 stig.**

**SPIL 9**

A/Allir

Vestur                      Austur  
♠ D72                        ♠ ÁKG1084  
♥ Á5                             ♥ D108  
♦ KDG4                        ♦ Á973  
♣ 10532                      ♣ -

Bjarni                        Sigurbjörn  
-                                1 ♣  
2 ♦                              4 ♠ = splinter  
4 ♥ = fyrirstaða            4 ♣ = fyrirstaða  
4 G = RKC                    5 G = 2 LS og eyða  
7 ♦ /

Júlíus                        Steinar  
-                                1 ♠  
1 G = krafa                3 ♠  
4 ♦                              6 ♦ /

Bjarni velur að krefja í geim með tveimur tíglum og hyggst svo stökkva í fjóra spaða næst ef ekkert merkilegt gerist. En sagnir taka óvænta stefnu þegar Sigurbjörn "flisar" í fjögur lauf. Sigurbjörn getur svo sýnt eyðuna í laufi í ásasvarinu og Bjarni veðjar á líklegan spaðakóng.

Júlíus svarar á kröfugrandi og ætlar svo að gefa þriggja spaða áskorun til að sýna 11-12 HP og þrlit í spaða.

7♦=10, 6♠=6, 6♦=6, 5♠=3, 5♦=3, 7♠=1

**Bjarni og Sigurbjörn: 65 stig.**  
**Júlíus og Steinar: 61 stig.**

**SPIL 10**

V/Enginn

Vestur                      Austur  
♠ KD98                      ♠ 52  
♥ 3                                ♥ KG4  
♦ ÁD9863                    ♦ KG5  
♣ D2                            ♣ K10973

Bjarni                        Sigurbjörn  
1 ♦                              2 G = 11-12 HP  
3 ♥ = stutt hjarta            3 G /

Júlíus                        Steinar  
1 ♦                              1 G  
2 ♦                              3 ♦  
5 ♦ /

"Bútur var það heillin," en það er nokkuð sem íslenskir spilarar sætta sig seint við þegar punktarnir fara að nálagst 24. Bjarni og Bessi komast þó í skárna geimið með hjálp sagnvenju úr síðasta Bridgeblaði.

3♦=10, 4♦=9, 1G=9, 2G=5, 3G=3, 5♦=1

**Bjarni og Sigurbjörn: 68 stig.**  
**Júlíus og Steinar: 62 stig.**

# ÍSLANDSMÓTIÐ Í TVÍMENNINGI 2005

**Íslandsmótið í tvímenningi** var spilað í dagana 22.-24. apríl í salarkynnum BSÍ við Síðumúla. **Ásmundur Pálsson** og **Guðm. P. Arnarson unnu** og er þetta 10. titill Ásmundar í þessu móti, en þann fyrsta vann hann árið 1963. **Bræðurnir Anton og Sigurbjörn Harldssynir hlutu silfurverðlaunin, en bronsið kom í hlut Þrastar Ingimarssonar og Hermanns Lárussonar.**

## Úrslit

Ásmundur Pálsson - Guðm. Páll Arnarson	59.3%
Anton Haraldsson - Sigurbjörn Haraldsson	55.7%
Þróstur Ingimarsson - Hermann Lárusson	55.3%
Bjarni H. Einarsson - Ragnar Magnússon	55.0%
Aðalsteinn Jörgensen - Sverrir Ármannsson	54.2%
Frimann Stefánsson - Björn Þorláksson	53.2%
Björn Friðriksson - Sverrir Þórisson	53.0%
Guðm. Halldórsson - Hermann Friðriksson	52.2%
Hrólfur Hjaltason - Ásgeir Ásbjörnsson	51.9%
Ásgrímur Sigurbjörnsson - Ari Már Arason	51.0%

## Fyrirkomulag

Mótið var tvískipt: fyrst 90 spila undankeppni 48 para þar sem markmiðið var að komast í 24 para úrslitahóp, sem síðan spilaði 92 spil til úrslita. Áður höfðu keppendur unnið sér rétt með þátttöku í svæðamótum. Allt eins og í fyrra.

Þetta fyrirkomulag er of þungt í vöfum og menn þurfa að hugsa dæmið upp á nýtt. Mótið verður að stytta og jafnframt þarf að huga að umgjörðinni. Íslandsmót eru hátíð bridsspilara og eiga að fara fram í hátíðarsölum - ekki á "vinnustaðnum". Meira um það síðar, en nú skulum við vinda okkur í skemmtilega þraut frá undankeppninni: **Suður spilar 3G og fær út spaðaþrist, fjórða hæsta. Austur lætur drotninguna (dúkkud), síðan kóng...**

<p>NORÐUR</p> <p>♠ 1098</p> <p>♥ KD73</p> <p>♦ ÁD54</p> <p>♣ D5</p>			
<p>Útspil ♠3</p>			
<p>SUÐUR</p> <p>♠ Á42</p> <p>♥ 6</p> <p>♦ K10986</p> <p>♣ Á943</p>			
Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	Pass	1 ♦
Pass	1 ♥	Pass	2 ♣
Pass	2 ♠	Pass	2 G
Pass	3 G ///		

Sjö slagir sjást og hinir tveir verða að koma á hjarta og laufdrottningu. En laufslaginn verður að sækja með innkasti.

Besta vonin er að spila vestur upp á bæði lykilsplil, hjartaás og laufkóng. Svona var allt spilið:

NORÐUR	AUSTUR
♠ 1098	♠ KD5
♥ KD73	♥ G942
♦ ÁD54	♦ G7
♣ D5	♣ G1086
VESTUR	SUÐUR
♠ G763	♠ Á42
♥ Á1085	♥ 6
♦ 32	♦ K10986
♣ K72	♣ Á943

Sagnhafí tekur á spaðaás í öðrum slag, spilar tígli tvisvar, síðan hjarta að blindum. Vestur verður að dúkka og kóngur blinds fær slaginn. Þá er spaða spilað til vesturs. Hann fær þar tvo slagi, en verður svo að gefa 9. slaginn, annað hvort með því að taka hjartaás eða spila laufi frá kóngnum. Stílhreint spil.

## Hasarspil frá úrslitunum

NORÐUR	AUSTUR
♠ 4	♠ ÁDG6532
♥ ÁK10976 S/NS	♥ -
♦ 82	♦ ÁD1054
♣ ÁG108	♣ 7
VESTUR	SUÐUR
♠ 1087	♠ K9
♥ 8432	♥ DG5
♦ 93	♦ KG76
♣ D632	♣ K954

Fimm hjörtu vinnast í NS, en 5♠ virðast eiga að fara einn niður. Íslandsmeistararnir voru í NS gegn Birni Þorlákssyni og Frimanni Stefánssyni:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Frimann	Guðm.	Björn	Ásmundur
-	-	-	1 ♦
Pass	1 ♥	4 ♠	Pass
Pass	4 G *	Dobl	5 ♣
Pass	Pass	Dobl ** ///	

\* úttekt

\*\* meint sem útsplidobl

Það er tæpast mikið vit í því að spila 5♣ í tvímenningi á 8-spila samlegu með 9-spila fitt í hjarta, en lánið lék við Íslandsmeistarana þegar Björn doblaði í þeirri viðleitni að fá út hjarta. Frimann var ekki á sömu línu og kom út með spaða og Ásmundur vann 5♣ með því að hitta í trompið.

Ligthner-dobl á geimum eru auðvitað ekki óþekkt, en kannski spillir Björn fyrir sér með doblinu á 4G. Það er styrkleikadobl, svo doblið á 5♣ á eftir hljómar eins og hvurt annað kraftadobl.

Það er athyglisvert að tveir spilarar unnu 5♠ í AV, kannski með því spila litlum tígli á níuna í öðrum slag!

## Hvernig á Íslandsmótið að vera?

Íslandsmótinu í tvímenningi verður að breyta. Tillögur ritstjórans á þessum vettvangi í fyrra höfðu ekkert aðráttar-afl, en hér er önnur hugmynd, sem næstu mótasmíðir gætu velt fyrir sér:

Til að byrja með er mikilvægt að halda mótið á *glæsilegum stað*, til dæmis Hótel Loftleidum. Það lyftir andanum og eykur á virðinguna.

Þá þarf að *stytta* mótið og gera það *öllum opið* án undankeppni. Tvímenningur Bridshátíðar er dæmi um mót sem virkar vel og það form mætti taka upp, spila 90-120 spil í *monrad-barometer*. Það dugir til að velja besta parið.

Þessu til viðbótar myndu 16 efstu sætin veita rétt til þátttöku í sérstöku *úrvalsmóti*, sem væri reiknað í IMPum og spilað í beinu framhaldi á einum degi (60 spil, fjögur á milli para). Samhliða úrvalstvímenningnum færi fram stutt *opin sveitakeppni* (t.d. 7 x 8 spila leikir). Peningaverðlaun væru í báðum þessum mótum.

Tímaramminn fyrir slíka "séríslenska bridshátíð" gæti verið:

### Íslandstvímenningur

Föstudagskvöld	19.00-24.00
Laugardagur	11.00-20.00

Úrvalsmót og opin sveitakeppni	
Sunnudagur	11.00-20.00

Verðlaunaafhending fyrir öll mótin þrjú	
Sunnudagur	20.30

- GPA

# NORÐURLANDAMÓTIÐ Í DANMÖRKU

**Norðurlandamótið 2005 fór fram í Vingstend í Danmörku í júlí, en mótið var um leið hluti af brids-hátíð, þar sem keppt var í ýmsum hliðargreinum. Ísland sendi þrjú lið til keppni, í opnun flokki, kvennaflokki og flokki spilara 25 ára og yngri, en fleiri Íslendingar tóku þátt í hliðarmótunum. **Norðmenn** unnu opna flokkinn (Ísland í 4. sæti), **Danir** unnu kvennaflokkinn (Ísland í 5. sæti) og **Svíar** flokk ungmenna (Ísland í 6. sæti).**

## Lið Íslands voru þannig skipuð:

**Opinn flokkur:** Bjarni H. Einarsson, Sigurbjörn Haraldsson, Steinar Jónsson, Júlíus Sigurjónsson og Ragnar Magnússon.

**Kvennaflokkur:** Erla Sigurjónsdóttir, Dóra Axeldóttir, Alda Guðnadóttir og Stefanía Sigurbjörnsdóttir. Fyrirlíði Esther Jakobsdóttir; þjálfari Valgerður Kristjónsdóttir.

**Yngri spilarar:** Ari Már Arason, Inda Hrönn Björnsdóttir, Gunnar Björn Helgason, Örvar Óskarsson, Óttar Ingi Oddsson og Sigurður Björgvinsson. Fyrirlíði Magnús Eiður Magnússon.

Bestum árangri náði sveit Guðlaugs Sveinssonar (Guðlaugur, Sveinn Rúnar Eiríksson, Bjarni Einarsson, Steinar Jónsson og Sigurbjörn Haraldsson), sem komst í úrslit í svokölluðu "Danish Open" móti sem fram fór í kjölfar NL.

Aðrir spilarar á staðnum voru Dana-avinirnir Ísak Örn Sigurðsson og Ómar Olgeirsson, svo og makarnir Kristján B. Snorrason, Jóhann Stefánsson og Sigfús Þórðarson, að ógleymdum átta ungliðum úr þjálfunarbúðum Bjarna og Bessa. Í hópnum voru: Ingólfur Sigurðarson, Jóhann Sigurðarson, Albert Albertsson, Hrefna Jónsdóttir, Eva Baldursdóttir, Elfa Díana Davíðsdóttir, Guðjón Hauksson og Grímur Kristinsson.



Steinar, Svenni og Bjarni. Stórbrotin myndbygging hjá Indu Hrönn, sem var á bak við ljósopið.

## Úrslit

### Opinn flokkur

Noregur	186
Svíþjóð	181
Danmörk	165
<b>Ísland</b>	<b>147</b>
Finnland	121
Færeyjar	88

### Kvennaflokkur

Danmörk A	190
Finnland	182
Danmörk B	179
Noregur	172
<b>Ísland</b>	<b>87</b>
Færeyjar	62

### Yngri spilarar

Svíþjóð	203
Danmörk A	182
Noregur	171
Danmörk B	140
Finnland	115
<b>Ísland</b>	<b>69</b>

## Hvað er að gerast?

Þessi slaki árangur íslensku liðanna kallar á djúpar sálarrannsóknir. Hvað er í gangi? Við urðum heimsmeistarar 1991 og látum þetta viðgangast.

**Opinn flokkur:** Við eigum mannskap sem getur unnið opna flokkinn hvenær sem er - sé hann vel valinn og rétt undirbúinn. Stjórn BSÍ ákvað, með réttu eða röngu, að láta úrslitin í deildakeppni BSÍ (hinni fyrstu sinnar tegundar) ráða liðsvali í opna flokknum. Sveit Eyktar vann það mót, en afsalaði sér réttinum til að spila á NL og stjórn BSÍ ákvað að láta réttinn ganga til sveitarinnar sem varð í öðru sæti. Allt voru það verðugir menn, en enginn aðili hafði umsjón með undirbúningi sveitarinnar, né stjórnaði á mótstað. Spilarar gengu sjálfala. Slíkt kann ekki góðri lukku að stýra og þegar til lengri tíma er litið borgar sig að gera einn mann ábyrgan fyrir vali og þjálfun. Annars er hætta á óþarfa lausung.

**Kvennaflokkur:** Árangurinn undanfarin ár sýnir að við eigum undir högg að sækja í kvennaflokki. Ef til vill ættum við að fara sömu leið og Danir og veðja á nokkrar ungar stúlkur og ala þær markvisst upp, án þess að krefjast árangurs í byrjun. Eða...



Norska sigursveitin í opna flokkum. Frá vinstri: Tor Bakke, Sam Inge Höyland, Jim Höyland, Magne Eide og Sven-Olai Höyland.

Það er varla að maður þori að segja það (því enn kaupa margar konur blaðið), en reynslan bendir til að besta æfingaleið kvenna í brids sé að hvíla sig á kvennabrids og spila á móti sterkum karlspilara í einhvern tíma. Að mínu mati er leiðin til að búa til gott kvennalandslið þessi: Veljum hóp kvenna (6-8), fáum jafn marga toppspilara í karlaflokki til að spila við þær reglulega í eitt ár, setjum svo konurnar saman í pör og látum karlana hafa umsjón með þjálfun á "sínu pari". Einhver einn þarf að hafa yfirumsjón með ferlinu og velja að lokum landslið á næsta mót og stjórna því á mótstað.

**Ungliðar:** Þegar ritstjórinn var í menntaskóla var spilað á 10 borðum í frímínútunum - og oft inn í miðja kennslustund. Og það voru mót á milli menntaskóla þar sem spilað var á jafn mörgum borðum. En sú tíð er liðin. Nú er brids á sama báti og kúluvarp og spjótkast - stundað af áhugasömum, en ekki almenningssport.

OK - það er eins og það er. En þá er bara að hlúa vel að þeim sem gefa sig að spilinu. Margt hefur verið gott gert að undanförmu og sú viðleitni að koma spilinu inn í menntaskóla sem valgrein hefur þegar skilað sér.

Við ættum ekki að láta hugfallast af döprum árangri nú, það tekur tíma að byggja upp sterkan stofn og réttu viðbrögð forystumanna bridshreyfingarinnar eru að spýta í lófana og styðja vel við bakið á unga fólkinu okkar. Við erum á réttri leið og fyrr en varir kemur það fram í árangri.

## Prautir frá NL

Það ERU engar ýkjur þegar sagt er að brids sé mistakanna íþrótt.

NORÐUR  
 ♠ KD8532  
 ♥ ÁK7  
 ♦ K854  
 ♣ -

SUÐUR  
 ♠ 10  
 ♥ G10862  
 ♦ Á93  
 ♣ ÁG52

Suður spilar 6♥ án afskipta mótherjanna af sögnum.

Tígulgosinn kemur út, sem sagnhafi tekur heima með ás og spilar spaðatíu. Vestur lætur gosann og austur drepur kóng blinds með ás og spilar tíguldrottningu.

**Taktu við.**

Augljóslega þarf spaðinn að fríast og drottningin í hjarta að liggja önnur eða þriðja í vestur. Það virðist því vera sjálfgefið að trompa spaða og svína síðan hjartagosa. En...

NORÐUR  
 ♠ KD8532  
 ♥ ÁK7  
 ♦ K854  
 ♣ -

VESTUR  
 ♠ G9  
 ♥ D95  
 ♦ G2  
 ♣ D109874

AUSTUR  
 ♠ Á764  
 ♥ 43  
 ♦ D1076  
 ♣ K63

SUÐUR  
 ♠ 10  
 ♥ G10862  
 ♦ Á93  
 ♣ ÁG52

Legan er hagstæð - spaðanían fellur og vestur á ♥Dxx og því ætti slemman að vinnast. En þeir tveir sagnhafar sem spiluðu sex hjörta fóru báðir niður eftir ♦G út. Annar gerði þau mistök að taka á spaðadrottningu áður en spaði var trompaður, svo vestur gat yfirtrompað. Fingurbriótur hinnar dönsku Dorthe Schaltz var öllu neyðarlegri - hún tók á hjartaás áður en hún stakk spaða. Þegar hún hugðist svo læða hjartagösum hringinn gat vestur lagt drottninguna á og tekið þannig innkomuna af blindum!

Þetta er klaufalegt, en útkoman úr spilu í leik Íslands og Finnlands var tóm bull. Finnski sagnhafinn spilaði fjórum hjörtum niður og síðan gáfu Finnarnir Steinari þrjú grönd á hinu borðinu.

-----

ÞÚ ERT í vestur og átt út gegn 4♥ eftir opnun suðurs á 3♥ og hækkun norðurs í fjögur:

♠ D72 ♥ Á32 ♦ D62 ♣ Á943

NORÐUR  
 ♠ ÁKG  
 ♥ D10  
 ♦ G1054  
 ♣ D852

VESTUR  
 ♠ D72  
 ♥ Á32  
 ♦ D62  
 ♣ Á943

AUSTUR  
 ♠ 108543  
 ♥ 7  
 ♦ Á973  
 ♣ KG10

SUÐUR  
 ♠ 96  
 ♥ KG98654  
 ♦ K8  
 ♣ 76

Vestur	Norður	Austur	Suður
Steinar	Sam Inge	Július	Sven-Olai
-	-	-	3 ♥
Pass	4 ♥	Allir pass	

Steinar valdi ♠2 og Norðmaðurinn Sven-Olai Höyland svínaði strax gosann og henti niður laufi í spaða. Hann hitti svo í tígulinn og fékk tíu slagi.

Útspil Steinars er illa heppnað, en er það "vitlaust"?

Varla, og örugglega ekki verra en tígull eða laufás. En besta útspilið er þó vafalítið *hjartaásinn* - til að kíkja á blindan.

-----

LESANDINN á aftur að spila út, nú gegn sænskum þremur gröndum:

♠ D83 ♥ K632 ♦ 732 ♣ D102

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	-	1 G
Pass	3 ♣ <sup>1)</sup>	Pass	3 ♥ <sup>2)</sup>
Pass	3 G <sup>3)</sup>	Allir pass	

- (1) Stutt hjarta (eitt eða ekkert).
- (2) Spurning um spaðafyrirstöðu.
- (3) Sýnir spaðastopp.

### Hvert er útspilið?

Svíar eru miklir kerfisfræðingar og þótt það skili sér oft í góðum árangri léttir það vörninni lífið:

NORÐUR  
 ♠ K106  
 ♥ 10  
 ♦ ÁD1086  
 ♣ K865

VESTUR  
 ♠ D83  
 ♥ K632  
 ♦ 732  
 ♣ D102

AUSTUR  
 ♠ ÁG975  
 ♥ G9874  
 ♦ G9  
 ♣ 9

SUÐUR  
 ♠ 42  
 ♥ ÁD5  
 ♦ K54  
 ♣ ÁG743





Eftir að hafa spurt vandlega um sagnir, lagði Bjarni af stað með spaðabristinn. Sagnhafi reyndi kónginn og vörninn tók 5 fyrstu slagina. Það dugir ekki að láta tíuna í fyrsta slag, því þá skiptir austur yfir í hjartagosa.

Á hinu borðinu vakti Ragnar í austur líka á grandí, en Steinar stýrði sögnum í 5♣, enda heitur fyrir slemmu:

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	Steinar	-	Ragnar
-	-	-	1 G
Pass	2 ♣	Pass	2 ♦
Pass	2 ♠	Pass	3 ♣
Pass	4 ♥	Pass	5 ♣
Allir pass			

Eftir hefðbundinn Stayman spyr Steinar nánar um skiptingu með 2♠, fær upp fimmlit í laufi og stekkur þá í RKC.

Tvö lykilsplil gátu dugað í slemmu, en óvissan var of mikil og Steinar lét skynsemina ráða. Fimm lauf unnust auðveldlega, enda spiluð í norður.

-----

NÆST er að velja sögn í þröngri stöðu. Danskur mótherji vekur á 2♠, veikum, makker doblar og það kemur til þín:

♠ 64 ♥ Á9 ♦ G103 ♣ ÁD8763

Vestur	Norður	Austur	Suður
2 ♠	Dobl	Pass	???

Það eru allir á hættu. **Hver er sögnin?**

Hér á Lebensohl-sagnvenjan við, sem er reyndar til í mörgum myndum. En hvernig sem sagnvenjan er útfærð, er það sammerkt að 2G er annað hvort veikt eða geimkrafa, og litarsagnir á þriðja þrepi eru uppbyggilegar, en ekki kröfur. Spilin virðast vera full sterk í 3♣, en vandinn er sá að eina leiðin til að rannsaka slemmu er að fara fram hjá 3G og stökkva í 4♣.

	NORÐUR	
	♠ Á9	
	♥ KD84	
	♦ KD5	
	♣ K542	
VESTUR		AUSTUR
♠ KDG1082		♠ 753
♥ 7653		♥ G102
♦ 97		♦ Á8642
♣ G		♣ 109
	SUÐUR	
	♠ 64	
	♥ Á9	
	♦ G103	
	♣ ÁD8763	

Bjarni valdi 3♣ og Bessi lauk sögnum með 3G. Og fékk 11 slagi.

Hinum megin vakti Júlíus á 3♠. Norður doblaði og Ragnar sagði pass. Nú á suður aðeins eina sögn, það er 5♣, sem norður hækkaði í sex upp á von og óvon. Og hafði heppnina með sér.

-----

ÞAD getur verið erfitt að meta slemmu-horfur eftir opnun á sterkum tveimur gröndum. Líttu á þetta dæmi:

♠ D7 ♥ D2 ♦ G3 ♣ K1098752

Makker opnar í fyrstu hendi á 2G, sem sýnir 20-22 HP.

### Hvernig á að bregðast við?

Eitt og annað kemur til greina. Til að byrja með mætti ljúka sögnum með hækkuð í 3G eða stökki í 5♣. Annar möguleiki er að koma laufflitnum á framfæri á fjórða þrepi (hvort sem það er gert með yfirfærslu eða á annan hátt). Þá má kannski feta sig eftir fjórða þrepinu upp í 5♣ og láta opnara taka síðustu ákvörðun. En svo er líka til í dæminu að stökkva beint í slemmu! Bjarni valdi þann kostinn - sagði 6G:

	NORÐUR	
	♠ D7	
	♥ D2	
	♦ G3	
	♣ K1098752	
VESTUR		AUSTUR
♠ KG10982		♠ 543
♥ Á93		♥ G10876
♦ 10842		♦ K76
♣ -		♣ 43
	SUÐUR	
	♠ Á6	
	♥ K54	
	♦ ÁD95	
	♣ ÁDG6	

Vestur lyfti hjartaás, fékk frávisun og skipti yfir í tígul. Bessi gat þá lagt upp. Útspilið er hjálplegt, en spaði og tígull gefa líka slag. Eina útspilið sem heldur vörninni á lífi er smátt hjarta! En dugir þó ekki til ef sagnhafi spilar upp á spaðakóng í vestur. Hægt verður að senda vestur inn á hjartaás í þriggja spila endastöðu til að spila frá spaðakóngum.

Schaltz-hjónin sögðu líka slemmu á hinu borðinu. Frúin stökk í 4♠ við 2G, sem var yfirfærsla í lauf. Herrann sagði 5♣, sem sýndi laufstuðning og Dorthe hækkaði í 6♣. Ekki slæmt.

**BJARNI** átti mörg góð útspil í mótinu, en hér brást honum skotfimin. Settu þig í hans spor:

♠ 43 ♥ Á654 ♦ 53 ♣ ÁD1082

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	1 ♠	Pass	1 G
Pass	2 ♠	Pass	2 G
Pass	3 G	Allir pass	

Sagnir eru eðlilegar, nema grandíð er krafa og 2G á eftir sýnir 10-12 HP.

### Hvert er útspilið?

Það er vissulega til í dæminu að lauffútspil gefi sagnhafa niunda slaginn, en hitt er miklu líklegra að nauðsynlegt sé að frispila laufflitinn. Svo lauf skal það vera, en *hvaða* lauf?

	NORÐUR	
	♠ ÁK9765	
	♥ G	
	♦ Á104	
	♣ G54	
VESTUR		AUSTUR
♠ 43		♠ DG8
♥ Á654		♥ 9832
♦ 53		♦ KG82
♣ ÁD1082		♣ 93
	SUÐUR	
	♠ 102	
	♥ KD107	
	♦ D976	
	♣ K76	

Bjarni hlammaði niður laufásnum og varð fyrir miklum vonbrigðum þegar gosinn kom upp þriðji í borði. Hann spilaði aftur laufi í öðrum slag (enda staðan ekki kristaltær) og gosi blinds átti slaginn. Framhaldið var handavinna og sagnhafi fékk 10 slagi.

Vörnin er á lífi ef vestur skiptir yfir í tígul í öðrum slag. Sagnhafi verður að taka með ás (annars kemur lauf í gegn) og spila hjartagosa. Ef vestur drepur getur sagnhafi nælt sér í 6 rauða slagi og þarf þá ekki að fría spaðann, en vestur hnekkir spilinu með því að dúkka hjartagosann. En þessi vörn er ekki beinlínis sjálfgefin.

Ef lauffrottningin kemur út þarf sagnhafi að sækja hjartaásinn fyrst til að vinna spilið, en með smáu laufi út á sagnhafi engan möguleika. "Fjórða besta í lengsta lit" er líka rökrétt útspil í stöðunni af tveimur ástæðum: (1) Það vantar níuna, og (2) NS eru að streða og makker er líklegur til að komast einu sinni inn.

MAKKER opnar á *multi* 2♦, sem sýnir veika tvo í öðrum hálitnum. Síðan taka andstæðingarnir völdin og keyra í 3G:

♠ G98 ♥ 8 ♦ DG107 ♣ KG1032

Vestur	Norður	Austur	Suður
2 ♦	2 ♠	Pass	2 G
Pass	3 G	???	

### Hefurðu skoðun á málinu?

Bessi hafði það - hann doblaði til þess að vara við útspili í hjarta:

NORÐUR  
♠ KD6542  
♥ DG9  
♦ Á  
♣ Á94

VESTUR  
♠ Á7  
♥ Á107654  
♦ 92  
♣ 876

AUSTUR  
♠ G98  
♥ 8  
♦ DG107  
♣ KG1032

SUÐUR  
♠ 103  
♥ K32  
♦ K86543  
♣ D5

Það reyndist firnavei, því 3G rúlla léttilega heim með litlu hjarta út. En Bjarni hlýddi sínum manni og kom út með ♦9.

Það er fátt um innkomur heim, og sagnhafi valdi að spila litlum spaða úr blindum að tíunni. Svo sem ágæt hugmynd, en hún kolféll þegar Bessi rauk upp með gosann (!) og spilaði tígli.

Glæsileg vörn og tveir niður. Þrjú grönd voru spilað á tveimur öðrum borðum og unnust þar með yfirslag eftir hið eðlilega hjartaútspil.

-----

ÞRÍLITA hendur geta verið vandmeðfarnar, einkum þegar makker tekur upp á því að melda í eyðulitnum. Litum á:

Þú vekur í fyrstu hendi á 1♠ og makker krefur í geim með 2♥.

♠ K7642 ♥ - ♦ ÁKG5 ♣ G1053

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	1 ♠	Pass	2 ♥
Pass	???		

### Hver er þín næsta sögn?

Tígullinn er mun sterkari en laufið, svo fyrsta hugsunin er að segja 3♦:

NORÐUR  
♠ K7642  
♥ -  
♦ ÁKG5  
♣ G1053

VESTUR  
♠ 5  
♥ KDG93  
♦ D9632  
♣ K9

AUSTUR  
♠ DG1098  
♥ 1065  
♦ 1087  
♣ 64

SUÐUR  
♠ Á3  
♥ Á8742  
♦ 4  
♣ ÁD872

En þá er hætt við því að suður loki málinu með þremur gröndum, ekki satt.

Júlíus fann mun betri sögn - hann sagði 2G og gaf makker þar með tækifæri til að sýna annan lit:

Vestur	Norður	Austur	Suður
	Júlíus		Steinar
-	1 ♠	Pass	2 ♥
Pass	2 G	Pass	3 ♣
Pass	4 ♣	Pass	4 G
Pass	5 ♦	Pass	6 ♣

Allir pass

Slemman er mjög góð, en spaðinn liggur illa og trompkóngurinn á eftir ásnun.

En Steinar spilaði gætilega. Hann fékk út ♥K, sem hann trompaði í borði og lét laufgosann strax rúlla hringinn. Vestur drap og spilaði trompi til baka. Steinar fór í spaðann, en þegar hann lá í hel var ljóst að 12. slagurinn varð að fást á ♦G. Svíning reyndist þó óþörf, því vestur þvingaðist sjálfkrafa í lokastöðunni.

Aðeins eitt annað þar náði sex laufum.

-----

JÚLÍUS og Steinar stóðu sig ekki eins vel í þessu spili:

NORÐUR  
♠ ÁD65  
♥ G952  
♦ 8  
♣ Á876

Þeir keyrðu fyrir eigin vélarafli í alslemmu í hjarta, sem Steinar spilaði í suður.

SUÐUR  
♠ K104  
♥ ÁK1074  
♦ ÁG109  
♣ 9

AV komu ekkert við sögu í sögnum og vestur spilaði út litlu laufi.

Hvernig á að spila 7♥ með laufi út? (Trompið er 2-2.)

NORÐUR  
♠ ÁD65  
♥ G952  
♦ 8  
♣ Á876

VESTUR  
♠ G9  
♥ 86  
♦ D5432  
♣ G1053

AUSTUR  
♠ 8732  
♥ D3  
♦ K76  
♣ KD42

SUÐUR  
♠ K104  
♥ ÁK1074  
♦ ÁG109  
♣ 9

Steinar reyndi að trompa tígul þrisvar í blindum. Í öðrum slag spilaði hann tígli á ás og stakk tígul. Fór heim á ♥Á og stakk aftur tígul. Enn heim með því að stinga lauf og trompaði fjórða tígullinn með ♥G. En austur átti ekki fleiri tígla og gat yfirtrompað. Einn niður.

Eins og sjá má, þá fellur ♠G annar, svo það hefði verið nóg að trompa tvo tígla og taka þrettánda slaginn á spaða. En leið Steinars er ekki þar fyrir röng. Hann vinnur spilið þegar tígullinn er 4-4 og í 5-3 legunni ef ♥D er með fimmlitnum, en líkur á því eru eitthvað í kringum 56% (ef maður gefur sér að trompið sé 2-2).

Hin spilaleiðin sem kemur til álita er þannig: Tveir efstu í hjarta eru teknir strax. Síðan kóngur og ás í spaða til að kanna hvort gosinn falli. Ef ekki, er tígull og lauf víxltrompað þar til þessi staða kemur upp:

NORÐUR  
♠ D6  
♥ -  
♦ -  
♣ 8

SUÐUR  
♠ 10  
♥ 10  
♦ G  
♣ -

Þegar síðasta trompinu er spilað er hugsanlegt að einhvers konar þvingun myndist. Samkvæmt þessari leið vinnst spilið ef spaðinn er 3-3 eða Gx, og enn fremur þegar sá mótherji með fjórlitinn í spaða er líka með hæsta tígul, eða vestur með fjóra spaða og hæsta lauf. Það væri að æra óstöðugan að reyna að reikna þetta út, en gróft áætlað sýnist mér líkurnar vera á bilinu 55-60%.

- GPA

# UNDIR HEILLASTJÖRNU Á OK

**PÁLL** Hjaltason spilar stundum á **OK**-vefnum og gengst við nafninu **Iceblue**. Vefstjórar hafa beðið hann að hafa auga með áhugaverðum spilum til birtingar í fréttabréfi vefsins og Páll varð við þeirri bón í vor, enda hafði hann athyglisverða sögu að segja - af eigin hundaheppni. Gefum Páli orðið:

## Born under a lucky star

Páll var í suður með **Rakel** sem makker, en **Spaðann** og **AumingjaDavíð** í andstöðunni:

RAQUEL  
 ♠ KG105  
 ♥ AD2  
 ♦ G2  
 ♣ DG95

N/Allir

SPADE  
 ♠ 763  
 ♥ 5  
 ♦ 109743  
 ♣ K1086

POORDAVE  
 ♠ D42  
 ♥ G986  
 ♦ K8  
 ♣ 7432

ICEBLUE  
 ♠ Á98  
 ♥ K10743  
 ♦ ÁD65  
 ♣ Á

Vestur	Norður	Austur	Suður
Spade	Raquel	PoorDave	Iceblue
-	1 ♣	Pass	1 ♥
Pass	1 ♠	Pass	2 ♦
Pass	3 ♥	Pass	4 G
Pass	5 ♣	Pass	7 ♥
Allir pass			

Útspil: ♥5.

Ég sat í suður og hélt eftir 3♥ að makker ætti eitthvað þessu líkt...

♠ KDxx ♥ ÁDx ♦ x ♣ KDxxx

... og lét vaða í sjö þegar makker sýndi einn ás.

Slemman lítur ekki vel út. En ef hjartað brotnar 3-2 get ég spilað tígli og svínað (kóngurinn þarf að liggja) og stefnt að því að trompa einn tígul í borði og henda öðrum niður í spaða, eða jafnvel lauf.

Ég spila trompi aftur í öðrum slag og fæ þær slæmu fréttir að hjartað er 4-1, sem þýðir að ég get ekki trompað tígul án þess að gefa slag á tromp.

Ég verð að skipta um áætlun. Nú þarf ég að henda tveimur tíglum niður - annar verður að fara í fjórða spaðann, en hinn í lauf. Þvingun í tígli og laufi er reyndar möguleiki líka.



## PARATVÍMENNINGUR BSÍ

*Myndin er af verðlaunahöfum Íslandsmótsins í paratvímenni, sem Páll Hjaltason og Mary Pat Frick unnu. Sigurvegararnir eru fyrir miðri mynd, en þeim til vinstri handar eru hjónin Ljósbrá Baldursdóttir og Matthías Gísl Þorvaldsson, sem uðru í öðru sæti, og á hægri vængum eru Inda Hönn Björnsdóttir og Jón Baldursson, en þau urðu þriðju.*

Hvað sem því líður, þá verð ég að spila tígli á þessum punkti og ég vel gosann - kannski dúkkar austur.

Nei, austur lætur kónginn og ég drep. Var kóngurinn blankur? Hefði ég átt að spila litlum tígli? Það er alla vega of seint núna. Ég er þó viss um að austur byrjaði ekki með kóng fjórða, því hann var of fljótur að leggja á. Svo sennilega var kóngurinn annar eða þriðji.

Nú er ég staddur á krossgötum. Á ég að taka laufás, spila spaða á gosann og trompsvína í laufinu? Það virðist eðlileg spilamennska, en ég finn að báðir mótherjar mínir eru á tánum og hafa greinilega vakandi áhuga á spilinu. Ég túlka það svo að austur sé með spaðadrottningu, en vestur laufkóng - þeir gera sér báðir von um slag.

Ég spila hjarta á blindan og svo spaðagosa. Austur lætur smáan spaða, en ég ætla að treysta tilfinningunni og svína. Það heppnast og ég spila aftur spaða. Austur lætur drottninguna, ég drep, tek tvö síðustu trompin og laufásinn. Síðan spila ég spaða á blindan og þrettánda spaðanum í þessari stöðu:

BLINDUR  
 ♠ 10  
 ♥ -  
 ♦ 2  
 ♣ D

VESTUR  
 ♠ -  
 ♥ -  
 ♦ 109  
 ♣ K

AUSTUR  
 ♠ -  
 ♥ -  
 ♦ -  
 ♣ 743

SUÐUR  
 ♠ -  
 ♥ -  
 ♦ D65  
 ♣ -

Vestur var varnarlaus, þvingaður með hæsta lauf og valdið í tíglinum.

Spilafélagar mínir vita vel að ég er heppinn spilari. Jafnvel innsláttarvilla hjá makker getur orðið mér til happs - norður ætlaði að segja 2♥, en ýtti óvart á 3♥-hnappinn. Og við fengum topp fyrir bragðið. Ég segi mótherjum mínum alltaf ég sé heppinn náungi og bið þá að fyrirgefa mér ef illa fer (fyrir þeim). En á hitt ber að líta að þeir geta ekki átt von á góðu þegar þeir spila við mann sem er fæddur undir heillastjörnu.

## Bridsvörur hjá BSÍ

**Sagnbox, spilabakkar og bækur í miklu úrvali.  
 Opíð á skrifstofunni milli kl. 13 og 17 virka daga.  
 Komíð, skoðið og kaupíð!**



# EM Á TENERIFE

**ÞAD SEGIR** sína sögu um risið á bridsíþróttinni hérlendis þessi misserin, að Ísland átti engan fulltrúa á opna Evrópumótinu á Tenerife í sumar. Þó voru þar allra þjóða kvikindi og ekki öll evrópsk. En vonandi hressist Eyjólfur fyrir næstu leika.

Opna Evrópumótið, eða *Open European Championships*, er svar bridsráðamanna í Evrópu við hinum rismiklu bridsleikum í Bandaríkjunum, sem haldin eru þrisvar á ári og soga sem svarthol til sín bestu spilara Evrópu. Líkt og *Nationalmótin* í Bandaríkjunum eru hin nýju Evrópumót öllum galopin og er búseta í öðrum heimsálfum engin fyrirstaða. Keppt er í fjölmörgum greinum, svo allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi. Mótið var fyrst haldið í Menton í Frakklandi fyrir tveimur árum (og þótti illa undirbúið), en betur gekk á Kanaríeyjum í annarri tilraun í júní síðastliðnum, enda aðstæður þar allar hinar bestu.

Félagar okkar frá Noregi gerðu garðinn frægan í byrjun leikanna, einkum hjónin **Tor** og **Gunn Helness**, sem unnu gullverðlaun bæði í parasveit og paratvímennungi. Í sveitakeppninni spiluðu þau með öðrum norskum hjónum, **Boye** og **Tonje Brogeland**, og norsk/enskum hjónum, **Epsen** og **Helen Erichsen**.



*Tor Helness við spilaborðið. Að baki hans við næsta borð má sjá Pólverjann Michal Kwiecien, en konan sem spilar út er ritstjóranum ókunn.*



*Gunn Helness í þungum þönkum.*

Lið frá Svíþjóð keppti til úrslita við Norðmennina í parasveitinni, svo það má ljóst vera að para- og hjónabrids stendur vel á Norðurlöndunum. Við Íslendingar eigum líka ágæt blönduð pör og ættum að fara að huga að þessari grein af meiri alvöru.

Næstu sæti í paratvímenninum voru skipuð þekktum spilurum; Frakkarnir Sylvie Willard og Herve Mouiel urðu í öðru sæti, en þriðju urðu sigurvegararnir í Menton, hjónin Debbie og Michael Rosenberg.

Stærsta mót leikanna var vafalítið opna sveitakeppnin, sem hollenska landsliðið - *Team Orange* - vann eftir úrslitaleik við ítalska sveit - Miroglio. Hollenska liðið var þannig skipað: **Ton Bakkeren**, **Huub Bertens**, **Jan Jansma**, **Bauke Muller**, **Louk Verhees** og **Simon de Wijs**.

Frakkar unnu kvennaflokkinn og sú sveit var skipuð **Catherine d'Ovideo**, **Daniele Gaviard**, **Benédicte Cronier** og **Sylvie Willard**.

Opni tvímenningurinn var spennandi, en þar sigruðu gamalreyndir Pólverjar með snörpum endapretti, þeir **Apolinary Kowalski** og **Piotr Tuszyński**. Hinir ungu ítölsku Di Bello-bræður, **Furio** og **Stelio**, höfðu leitt mótið lengst af, en gáfu eftir í lokin og lentu í öðru sæti. Þriðju urðu Bretanir **Tom Townsend** og **David Gold**, en hollensku pörin í appelsínugulu sveitinni urðu í fjórða, fimmta og sjötta sæti.

Tvímennungur kvenna unnu **Aase Lange-land** og **Tone Torkelsen** frá Noregi, svo Norðmenn hafa sannarlega ástæðu til að fagna góðu gengi.

Í flokki öldunga unnu Ítalir tvöfalt, sveitakeppnina og tvímenninginn. Þeir **Adriano Abate** og **Fabrizio Morelli** unnu tvímenninginn, og sveitakeppnina með **Ezio Fornaciari**, **Carlo Mariani**, **Marco Riciarelli** og **Franco Baroni**.



**LÁTUM** þetta duga um formsatriðin og snúum okkur að kjarna málsins - *hvað hefðir þú gert í hinum og þessum aðstæðum?*

Fyrst er lesandinn settur í spor viðkomandi spilara og látinn glíma við erfiða þraut, en síðan er hulunni svipt af spilinu og hin raunverulega niðurstaða sýnd. **Góða skemmtun.**

## FYRSTA ÞRAUT

Þú ert í *austur* með þessi spil:

♠ ÁKD5 ♥ 962 ♦ 106542 ♣ 2

Norður er á hættu og opnar á Standardtígli. Þú ert utan hættu.

*Viltu melda?*



### Spil 1

Norður gefur; NS á hættu

NORÐUR		AUSTUR	
♠	10764	♠	ÁKD5
♥	ÁDG7	♥	962
♦	DG8	♦	106542
♣	K7	♣	2
VESTUR		SUÐUR	
♠	G3	♠	982
♥	K4	♥	10853
♦	9	♦	ÁK73
♣	DG1098653	♣	Á4

Spilið er frá parasveitakeppninni og víða skipti sköpum hvort austur stakk inn spadasögn eða passaði.

Í leik Wellands og Herbst frá Ísrael gengu sagnir þannig á öðru borðinu:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Ilan	Debbie R.	Herbst	Michael R.
-	1 ♦	Pass	1 ♥
4 ♣	Pass	Pass	Dobl
Pass	4 ♥ ///		

Vestur kom að sjáflsögðu út með einspilið í tígli og Michael Rosenberg gat þá rúllað upp tíu slögum með því að svína fyrir hjartakóng. Hann tók útspilið heima, svínaði í hjarta, fór heim á laufás og spilaði aftur hjarta. Vörnin fékk þrjá slagi á spaða í lokin.

Á hinu borðinu stakk austur inn spadasögn á fjórlitinn og þar kom út spadasögn gegn sama samningi. Vörnin tók fyrst þrjá slagi á spaða og sá fjórði kom á tromp (vestur henti tígli, svo austur mátti spila hvort heldur spaða eða tígli í fjórða slag).

## ÖNNUR ÞRAUT

Nú ertu í sporum Bobby Levins með þessi spil í **vestur**:

♠ G1086 ♥ Á107 ♦ Á985 ♣ G10

Makker opnar í þriðju hendi á 1♥, en síðan fer af stað mikil atburðarás, sem lýkur með viðskiptadobli á 3♠. Það er enginn á hættu:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Pass	Pass	1 ♥	1 ♠
2 ♥	Pass	Pass	3 ♦
Dobl	Pass	3 ♥	Pass
Pass	3 ♠	Pass	Pass
Dobl ///			

Doblið á 3♦ er sektartilboð, en makker leggur ekki í þá rimmu og tekur út í 3♥, en þá vaknar norður til lífsins með 3♠.

- \* **Hvernig spil á norður?**
- \* **Ertu sammála doblinu á þremur spöðum?**
- \* **Hvert er útspilið?**

♠ ♥ ♦ ♣

Levin taldi líklegt að norður ætti háspil annað í spaða og þrjá tígla, og makker nær örugglega einspil í tígli. Hann sá því fyrir sér tvær stungur í tígli og lagði niður tígulásinn:

### Spil 2

Vestur gefur; enginn á hættu

NORÐUR  
♠ D5  
♥ 6532  
♦ G72  
♣ Á965

VESTUR  
♠ G1086  
♥ Á107  
♦ Á985  
♣ G10

AUSTUR  
♠ 42  
♥ KDG98  
♦ 3  
♣ KD843

SUÐUR  
♠ ÁK973  
♥ 4  
♦ KD1064  
♣ 72

Levin reiknaði dæmið rétt. Hann spilaði ♦9 í öðrum slag, fékk hjarta til baka og gaf makker aðra stungu. Tveir niður.

Fjögur hjörtu vinnast í AV, svo Levin gat gert betur í sögnum. En á hinn bóginn hefði ekki verið skynsamlegt að spila upp á styttingsvörn í þremur spöðum - það er að segja, spila út ♥Á og meira hjarta. Þá stendur spilið!

**Sér lesandinn hvernig?**

Suður trompar hjartað í öðrum slag og tekur *tvisvar* tromp. Spilar síðan tígli og sækir þar þrjá slagi. Önnur hjartastunga heima gefur fimm slagi á tromp og laufásinn er níundi slagurinn.

## ÞRIÐJA ÞRAUT

Fred Gitelman hélt á þessum spilum í **austur**, síðastur að taka til máls. Allir á hættu:

♠ ÁKD975 ♥ KG ♦ G2 ♣ 1063

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	-	1 G
Pass	3 G	???	

**Hefurðu skoðun á þessu? Pass eða dobl?**

♠ ♥ ♦ ♣

### Spil 3

Suður gefur; allir á hættu

NORÐUR  
♠ 1043  
♥ 52  
♦ ÁKD854  
♣ DG

VESTUR  
♠ 82  
♥ 109873  
♦ 63  
♣ 8752

AUSTUR  
♠ ÁKD975  
♥ KG  
♦ G2  
♣ 1063

SUÐUR  
♠ G6  
♥ ÁD64  
♦ 1097  
♣ ÁK94

Þetta eru erfiðar ákvarðanir. Doblið auðveldar makker útspilið (hvort sem það biður um styttri hálit eða spaða), en á hinn bóginn býður maður þeirri hættu heim að andstaðan taki út og fari jafnvel í láglitageim, sem vinnst. Eins og hér.

Gitelman lét eftir sér að dobla og norður hefði að sjálfsögðu átt að taka út í 4♦, sem suður myndi hækka í fimm. En norður passaði, vestur spilaði út ♠8 og AV fengu 500-kall.

Frekar heppilegt fyrir tölvugúruinn.


Annars eru spilarar oft full ákafir að leiðbeina makker með útspilsdoblum. Stundum getur félagi leyst vandann af eigin hyggjuviti. Hér á vestur engan punkt og gæti látið sér detta í hug að spila út spaða í þeirri von að komast í feitt.



Eric Rodwell og félagi hans Jeff Meckstroth skelltu sér í sólina á Tenerife, en spiluðu lítið saman í þetta sinn.



Jeff - sólbrúnn og sætur.



“Hvernig gerir maður þetta eiginlega?” Ítallinn silfurgrái, Dano de Falco, skráir niðurstöðuna með hinni nýju posatekni.



Frakkinn Jose Damiani, forseti heimssambandsins. (Loksins fær maður að spila.)



Hollendingurinn Jan “Colgate” Jansma.

## FJÓRÐA ÞRAUT

Rússinn Dubinin var í flokki þeirra spilara sem tóku upp þessa hönd **suðurs** í parasveitakeppninni:

♠ KDG954 ♥ - ♦ K96 ♣ KDG6

Hann vakti á 1♠ (Standard) og makker hans, Ólympiumeistari kvenna, Tatiana Panomareva, svaraði á 2♥, sem er geimkrafa (2-yfir-1).

**Hvaða sögn myndi lesandinn velja næst?**

♠ ♥ ♦ ♣

Tvær sagnir koma til álita, 2♠ og 3♣. Við fyrstu sýn lítur ekki út fyrir að það breyti nokkru hvor sögnin er valin, en það er sjónvilla.

## Spil 4

Austur gefur; NS á hættu

NORÐUR		AUSTUR	
♠	Á	♠	872
♥	G10976	♥	ÁD53
♦	Á32	♦	DG10
♣	Á1097	♣	843
VESTUR		SUDUR	
♠	1063	♠	KDG954
♥	K842	♥	-
♦	8754	♦	K96
♣	52	♣	KDG6

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	Panom.	Pass	1 ♠
Pass	2 ♥	Pass	3 ♣
Pass	4 ♣	Pass	4 ♦
Pass	4 ♠	Pass	4 G
Pass	5 ♣	Pass	7 ♣ ///

Glæsileg afgreiðsla. Norður styður laufið, suður sýnir tígul fyrirstöðu og spyr svo um lykilsþil þegar norður hefur neitað fyrirstöðu í hjarta. Lykillinn að þessari léttleikandi sagnröð er þriggja laufa sögn suðurs í öðrum hring. Það er óþarfi að sýna sjötta spaðann strax, því suður hyggst hvort eð er taka út úr 3G makkers í 4♠.

Kannski er hægt að ná 7♣ þótt suður segi 2♠, en þá þarf framhaldið að vera mjög nákvæmt - norður þarf tvívegis að taka rétta beygju.

Hugleiðum málið. Norður getur valið um þrjár sagnir við 2♠ - hann getur stökkið í 3G (sem er afleitt), sagt 3♣ eðlilega, eða hlerað með 2G. Ef norður melder 3♣, hækkar suður í fjögur, en framhaldið getur orðið vandræðalegt nema suður hafi tækni til að sýna eyðuna í hjarta.

Sennilega er best að norður segi 2G við 2♠. Við því segir suður segir þá 3♣ og þá næst alslemman ef norður hækkar í fjögur. En er það sjálfgefíð? Er ekki hugsanlegt að 3♣ í þessari stöðu sýni sterkan þrilit og veikleika í tígli?

Hvernig sem á málið er litið, verður allt þyngra í vöfum ef suður velur 2♠ í öðrum hring frekar en 3♣.

## FIMMTA ÞRAUT

Hjördís Eypórsdóttir og Jeff Meckstroth spiluðu saman í parasveitakeppninni. Hjördís fékk erfitt varnarverkefni í þessu spili, þar sem hún var í **vestur**:

NORÐUR		MAKKER	
♠	85	♠	10
♥	DG7		
♦	D32		
♣	DG1097		
VESTUR		SAGNHAFI	
♠	ÁDG94	♠	K
♥	K952		
♦	854		
♣	5		

Vestur	Norður	Austur	Suður
Disa	Goldberg	Jeff	Goldberg
-	-	-	1 ♣ *
1 ♠	2 ♣	3 ♠	4 ♣
Pass	5 ♣ ///		

\* sterkt lauf

Disa lagði niður spaðaásinn - tian frá makker og kóngurinn frá sagnhaf. AV kalla með lágum spilum, og háttlág sýnir staka tölu.

**Hvað gerirðu í öðrum slag?**



Hjördís (Disa) Eypórsdóttir.

## Spil 5

Suður gefur; NS á hættu

NORÐUR		AUSTUR	
♠	85	♠	107632
♥	DG7	♥	Á83
♦	D32	♦	107
♣	DG1097	♣	642
VESTUR		SUDUR	
♠	ÁDG94	♠	K
♥	K952	♥	1064
♦	854	♦	ÁKG96
♣	5	♣	ÁK83

Þetta snýst um túlkun á varnarreglum. Ásinn út biður um kall/frávísun, frekar en talningu. Spaðatían er því frávísun, fyrst og fremst, en greinilega líka viðleitni um leið til að sýna hjartastyrk. Sem sagt, frávísun með “hliðarkallsívaði” eins og Hrólfur Hjalta orðar það. Það er sjaldan sem hægt er að tjá sig um tvennt í einu og óvíst að það borgi sig að gera slíkt að reglu, en hér var Hjördís á sömu bylgjulengd og Meckstroth og skipti yfir í hjarta. Sem var eins gott, því annars fara tvö hjörtniður í tígulinn.

## SJÖTTA ÞRAUT

Frakkinn Alan Levy sá langt í næsta spili, en því niður ekki fyrr en allt var um garð gengið. Lítum fyrst á spilið frá sjónarhóli **suðurs**, sem er sagnhafi í fimm laufum:

NORÐUR		SUDUR	
♠	8743	♠	KD2
♥	10	♥	ÁK82
♦	Á108	♦	G7
♣	K10954	♣	ÁG63

♥ 6

Suður spilar 5♣.

Þrjú grönd er betra spil, en slemmuþreifingar teymdu NS framhjá því geimi og niðurstaðan varð 5♣. Út kemur hjarta og þú tekur drottningu austurs með ás. Trompið er 2-2.

**Hvernig er best að spila?**

## Spil 6

Suður gefur; AV á hættu

NORÐUR  
 ♠ 8743  
 ♥ 10  
 ♦ Á108  
 ♣ K10954

VESTUR  
 ♠ Á65  
 ♥ G763  
 ♦ K962  
 ♣ D2

AUSTUR  
 ♠ G109  
 ♥ D954  
 ♦ D543  
 ♣ 87

SUÐUR  
 ♠ KD2  
 ♥ ÁK82  
 ♦ G7  
 ♣ ÁG63

Alan Levy var reyndar í vörninni, í sæti vesturs. Hann kom út með hjarta, sem sagnhafi drap, tók ♣ÁK og spilaði spaða á kónginn. Levy tók slaginn strax og spilaði spaða um hæl, en sagnhafi svaraði með því að spila enn spaða og fría þann þrettánda í borði sem niðurkast fyrir tígulinn. Vestur er engu betur settur með því að skipta yfir í tígul, því sagnhafi gefur á drottninguna, svínar næst fyrir kónginn og þá hverfur slagur varnarinnar á spaða.

“Ég var asni að drepa strax á spaðaás,” sagði Levy í mótisblaðinu, og ástæðan blasir við - ef vestur dúkkar, missir sagnhafi frumkvæðið, hvort sem hann reynir að fría aukaslag á spaða eða tígul.

En auðvitað er þetta illa spilað hjá sagnhafa. Best er að fara af stað með tígulgosa í öðrum slag og taka kóng vesturs með ás. Spila næst laufi tvisvar og síðan tígli að ♦108 og svína áttunni. Þegar það kostar drottningu er verkinu lokið og einu gildir hvorum megin hryggjar spaðaásinn liggur.

## SJÖUNDA ÞRAUT

Einn af riturum mótisblaðsins í Tenerife settist á öxlina á Zia og horfði á hann taka upp þessa fallettu hönd í **norður**:

♠ ÁDG87 ♥ D10865 ♦ ÁK9 ♣ -

Austur er gjafari og NS á hættu:

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	3 ♣	Pass
5 ♣	???		

Það er nefnilega það.

**Hver er sögnin?**



Zia umkringdur áhorfendum að vanda.

♠ ♥ ♦ ♣

## Spil 7

Austur gefur; NS á hættu

NORÐUR  
 ♠ ÁDG87  
 ♥ D10865  
 ♦ ÁK9  
 ♣ -

VESTUR  
 ♠ 93  
 ♥ K3  
 ♦ G432  
 ♣ Á10984

AUSTUR  
 ♠ 542  
 ♥ G4  
 ♦ 106  
 ♣ KDG732

SUÐUR  
 ♠ K106  
 ♥ Á972  
 ♦ D875  
 ♣ 65

Spilið er frá 16-liða úrslitum opnu sveitakeppninnar og allvíða gengu sagnir eins og hér er sýnt:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Kampmann	Zia	Auken	Robson
-	-	3 ♣	Pass
5 ♣	Dobl	Allir pass	

Það stendur slemma í báðum hálitum í NS, svo 500-kall fyrir þrjá niður í 5 ♣ var heldur rýr uppskera.

**En er eitthver leið að melda slemmu eftir svo öflugra hindrun?**

Eitt er víst - það er erfitt fyrir suður að taka út, þótt doblíð sé vissulega ekki byggt á laufstyrk. Eina hugsanlega leiðin er í slemmu byggist á því að norður yfirmeldi út á skiptinguna og segi 6 ♣ ofan í 5 ♣. Sem er vissulega glannaleg sögn, en í rauninni þarf makker lítið annað en KGxx í hjarta til að gera slemmu spilanlega, svo kannski er þess virði að taka sénsinn.

Er þetta ekki lögmálið um að yfirmelda til að finna besta fittið?

♠ ♥ ♦ ♣

## ÁTTUNDA ÞRAUT

Misvel gekk að finna réttu vörnina gegn 4 ♠ í þessu spili í parasveitinni.

Þú ert í **vestur**:

NORÐUR  
 ♠ G6  
 ♥ 9763  
 ♦ K95  
 ♣ KDG8

VESTUR  
 ♠ 53  
 ♥ ÁD8  
 ♦ D3  
 ♣ 1076543

MAKKER  
 ♦ 2

SAGNHAFI  
 ♦ 7

Vestur	Norður	Austur	Suður
Pass	Pass	3 ♦	4 ♠
Pass	Pass	Pass	

Þú kemur út með ♦D, lítið úr borði, tvísturinn frá makker og sjöan frá sagnhafa.

**Hverju spilarðu í öðrum slag?**

♠ ♥ ♦ ♣

Spurningin stóra er auðvitað þessi: Hvað þýðir tvístur makkers? Er það kall í tígli (miðað við lág/há-köll) eða hliðarkall?

Margir nota svonefnt **þriggja-lita-kall** þegar vitað er um langlit hjá makker (sem sagt, eftir hindrun). Samkvæmt því getur austur hreinlega pantað hvaða lit sem er! Til eru tvær útfærslur af reglunni, en sú algengari er þannig: hæstu og lægstu hundarnir eru köll til hliðar, en miðjuspil hvetjandi í útspilslitnum. Ef þetta samkomulag er við lýði er tígul-tvístur makkers **hróp** í laufi og vestur ætti að skipta yfir í lauftíu:

## Spil 8

Vestur gefur; allir á hættu

NORÐUR  
 ♠ G6  
 ♥ 9763  
 ♦ K95  
 ♣ KDG8

VESTUR  
 ♠ 53  
 ♥ ÁD8  
 ♦ D3  
 ♣ 1076543

AUSTUR  
 ♠ 842  
 ♥ 1042  
 ♦ ÁG108642  
 ♣ -

SUÐUR  
 ♠ ÁKD1097  
 ♥ KG5  
 ♦ 7  
 ♣ Á92

En af hverju doblar austur ekki 4 ♠?



## NÍUNDA ÞRAUT

Við skulum aftur setjast á öxl Zia, sem nú er í **suður**, sagnhafi í lapþunnri tígul-slemmu.

NORÐUR ♠ D ♥ ÁK93 ♦ D54 ♣ G10743	♣ 8	SUDUR ♠ ÁK94 ♥ 84 ♦ ÁG976 ♣ Á5
Suður spilar 6♦.		

Vestur	Norður	Austur	Suður
Auken	Robson	Kampmann	Zia
Pass	1 ♣	1 ♠	2 ♦
Pass	3 ♦	Pass	3 ♥
Dobl	RD	Pass	4 G
Pass	5 ♣	Dobl	RD
Pass	5 ♥	Pass	6 ♦ ///

Sagnir virka flóknar, en eru það alls ekki. Um leið og Zia fær stuðning við tígulinn ákveður hann að keyra í slemmu. Með 3♥ er hann að grugga vatnið og/eða fæla frá útspli, en Danirmir í AV þekja kauda og vestur doblar til að hreinsa stöðuna. Redobl Robsons sýnir fyrstu fyrirstöðu, svo Zia spyr um lykilspl, fær eitt (1430-svör) og segir slemmuna, eins og alltaf stóð til.

Út kom ♣8 og blindur stóð ekki alveg undir væntingum Zia - hann var að vonast eftir tígultíunni hjá makker aukalega (Zia vissi að Robson átti hjartaásinn og þar með ekki tígulking, en örugglega drotninguna úr því hann sagði 5♥). Nú, jæja - samningurinn er sex tíglar og spurningin er:

### Hvernig er best að spila?



Til að byrja með er augljóst að ♦K þarf að vera annar í austur. En það eitt og sér dugir ekki - sagnhafi þarf líka að fría fimmta laufið sem niðurkast fyrir spaða heima.

Segjum að þú drepir ♣D austurs með ás og farir inn í borð á ♠D til að svina í tígli. Tekur svo ♦Á og kóngurinn kemur (vonandi). Ef fría á laufið er ekki seinna vænna að spila því núna. En...

... ef allt spilið er þannig útlítandi eru í vondum málum:

NORÐUR ♠ D ♥ ÁK93 ♦ D54 ♣ G10743	VESTUR ♠ 752 ♥ DG1072 ♦ 1082 ♣ 86	AUSTUR ♠ G10863 ♥ 65 ♦ K3 ♣ KD92	SUDUR ♠ ÁK94 ♥ 84 ♦ ÁG976 ♣ Á5
--	---	--	--

Austur fær slaginn, spilar enn laufi og uppfærir ♦10 makkers.

Zia var með þetta á hreinu og dúkkaði því fyrsta slaginn! Nú hefur sagnhafi fullt vald á framvindunni. Hann fer inn í borð á spaða til að svina í tígli, tekur tígulás (og laufás, ef þarf), spilar tígli á drotningu og stingur lauf. Og á nú tvær innkomur á hjarta eftir til að trompa út laufið og nýta það.

Flott hjá Zia, en auðvitað skipti þetta engu máli, því legan var þessi:

Spil 9 Vestur gefur; allir á hættu			
NORÐUR ♠ D ♥ ÁK93 ♦ D54 ♣ G10743	VESTUR ♠ 75 ♥ DG1072 ♦ K832 ♣ 86	AUSTUR ♠ G108632 ♥ 65 ♦ 10 ♣ KD92	SUDUR ♠ ÁK94 ♥ 84 ♦ ÁG976 ♣ Á5



Daninn Jens Auken. "Ætlar Zia aldrei að læra að slaka á?"

## TÍUNDA ÞRAUT

Frakkinn Philippe Cronier lagði þessa úrspilsþraut fyrir lesendum mótsblaðsins. Þú spilar 3G í **suður**:

NORÐUR ♠ Á3 ♥ G94 ♦ 1074 ♣ K8763	♥ 6	SUDUR ♠ K9762 ♥ ÁK5 ♦ Á62 ♣ D2
Suður spilar 3G.		

Vestur	Norður	Austur	Suður
1 ♥	Pass	1 ♠	1 G
Pass	3 G ///		

Út kemur lítið hjarta, þú stingur upp gosanum og tían fellur frá austri.

### Hvert verður framhaldið?



OK - laufið verður að falla 3-3 (spaðinn gerir það augljóslega ekki). En jafnvel þótt laufið komi 3-3, kemst vörnin tvívegis inn til að spila tígli og því verður einhvern veginn að einangra þrettánda tígulinn.

Spil 10 Vestur gefur; AV á hættu			
NORÐUR ♠ Á3 ♥ G94 ♦ 1074 ♣ K8763	VESTUR ♠ 5 ♥ D87632 ♦ KG3 ♣ Á54	AUSTUR ♠ DG1084 ♥ 10 ♦ D985 ♣ G109	SUDUR ♠ K9762 ♥ ÁK5 ♦ Á62 ♣ D2

Þetta er "ótrúlegt-en-satt" dæmi. Fyrst er *litlu* laufi spilað frá báðum höndum! Segjum að vörnin spili tígli. Sagnhafi dúkkar tvisvar, fær þriðja slaginn á ♦Á, spilar ♣D og *yfirdrepur* með kóng ef vestur dúkkar. Spilar svo laufi í bláinn. Vestur lendir inni og á blessunarlega ekki þrettánda tígulinn.

# DÓMURINN

**TÍGULL** er trompliturinn í slemmu og þar má engan slag gefa:

BLINDUR  
♦ G8543

HEIMA  
♦ ÁK92

Hver er tæknilega besta íferðin?

♠ ♥ ♦ ♣

Spilarar vita af innsæi sínu að best að taka ♦ÁK. Þannig tapast enginn slagur á litinn þegar trompið fellur 2-2 og þegar drottningin kemur stök í 3-1 legunni. Líkur á 2-2 legu eru 40%, en 3-1-legan er 50% og þá dettur drottningin blönk í fjórðungi skipta, eða í 12.5% tilfella. Samtals gefur þessi íferð því 52.5% vinningslíkur (40%+12.5%).

Ítalinn Andrea Buratti fór af stað með ♦G og lét hann renna hringinn þegar vestur fylgdi með smáspili. Þessi íferð gæti hafa kostað Buratti og félag hans - Massimo Lanzarotti - bridsferilinn og mannorðið. Austur reynist eiga ♦D106, svo slemman vannst.



Andrea Buratti

**Í LOK** júnímánaðar birtust fréttir víða um heim í bridspressunni um “nýtt” svindmál. Guðmundur Sv. Hermannsson skrifaði í Morgunblaðið:

*Tveimur af þekktustu spílurum Ítalíu, Andrea Buratti og Massimo Lanzarotti, var vísað úr sveitakeppninni á opna Evrópumótinu í brids, sem fram fer á Kanaríeyjum. Þeir Buratti og Lanzarotti voru sakaðir um að koma ólöglegum upplýsingum á milli sín og dómnefnd mótsins komast það þeirri niðurstöðu að Ítölunum hefði ekki tekist að skýra málið með fullnægjandi hætti...*

Þann 28. júní er að finna í mótsblaði leikanna eina blaðsíðu (A-4), þar sem tekið er fyrir dómsmál Ítalíu gegn Ísrael undir fyrirsögninni *Disciplinary Hearing No. 2*. Sú frásögn er fer hér á eftir í beinni þýðingu:

## Ítalía gegn Ísrael

**Dómnefnd:** Bill Pencharz, Englandi, formaður; Herman De Wael, Belgíu, ritari; Jens Auken Danmörku; Grattam Endicott Englandi; Jean-Paul Meyer, Frakklandi.

### Opna sveitakeppnin, 6. umferð.

NORÐUR		
♠ Á3		
♥ G10	S/Allir	
♦ G8543		
♣ KG62		
VESTUR		AUSTUR
♠ 87		♠ D6542
♥ Á765		♥ 9843
♦ 7		♦ D106
♣ D97543		♣ 8
SUÐUR		
♠ KG109		
♥ KD2		
♦ ÁK92		
♣ Á10		

Vestur	Norður	Austur	Suður
Roll	Lanzarotti	Bareket	Buratti
-	-	-	2 ♦
Pass	2 ♥	Pass	2 G *
Pass	3 ♠ **	Pass	4 ♦
Pass	4 ♠	Pass	5 ♣
Pass	6 ♦	Allir pass	

\* 20-22 og jöfn skipting  
\*\* láglitir

**Samningur:** Sex tíglar í suður.

**Útspil:** Hjartaás.

**Spilamenska:** Vestur spilaði laufnúu í öðrum slag, sem sagnhafi tók með kóng og spilaði tígulgosa - 6, 2, og 7. Síðan lagt upp.

**Niðurstaða:** Tólf slagir, NS 1370.

**Staðreyndir:** Austur kvaddi til keppnisstjóra eftir spilamennsku til að skýra frá því sem hann hafði orðið vitni að.

**Keppnisstjórnin:** Lýsti atburðarásinni fyrir yfirkeppnisstjóra, sem ákvað að kalla saman dómnefnd til að fjalla um “hegðunarmál” (Disciplinary Hearing).

**Viðstaddir:** Allir viðkomandi spilarar, fyrirliði Ísraela og þjálfari Ítala.

**Spilarar:** Yfirkeppnisstjórnin endursagði dómnefndinni það sem austur hafði sagt honum. Blindur, það er að segja, norður, hafði teygst sig til að skoða spil austurs. Austur hafði þá tekið eftir því að norður hélt handleggjum sínum í kross, og hafði síðan lagt þrjá fingur á annan arminn.



Massimo Lanzarotti

Austur hafði séð táknið með þremur fingrum þrisvar sinnum. Sagnhafi hafði síðan spilað tígulgosa í þriðja slag, látið hann rúlla og þannig unnið spilið.

Austur sagði dómnefndinni sömu sögu með eigin orðum. Hann hafði ekki sýnt spilin sín, en norður hafði kikið eigi að síður. Austur hafði séð þrjá fingur í þrjú skipti og kallaði þess vegna á keppnisstjóra þegar sagnhafi hafði svinað fyrir D10x. Austur sagðist hafa verið skekinn yfir þessu öllu saman og hefði ekki getað spilað leikinn til enda af fullri getu, enda hafi hann tapast 2-25.

Vestur sagði um fyrstu þrjá slagina: Vestur tók á hjartaás og austur lét áttuna. Vestur spurði síðan margra spurninga, einkum um hjartakónginn, sem suður staðfesti að hann hefði sýnt í sögnum. Vestur skipti loks yfir í laufnúu, sem sagnhafi tók með kóng. Eftir nokkra ihugun, bað suður um tígulgosann og austur lét sexuna fuðlaust í slaginn. Suður hugsaði málið nokkra stund, en lét svo tígulgosann fara.

Eftir þessa frásögn ítrekaði austur hvað hann hefði séð norður gera: vinstri handleggurinn lá á borðinu, sá hægri þvert á hann, með þrjá fingur vísandi fram. Austur sagðist hafa séð þrjá fingur uppi þrisvar: einu sinni yfir úlnliðnum, einu sinni yfir framhandleggnum og einu sinni á borðinu fyrir framan hinn handlegginn.

Suður var beðinn um að staðfesta spilamenskuna, eins og henni var lýst að ofan og hann gerði það. Suður var þá beðinn um að útskýra hvers vegna hann spilaði tíglunum eins og hann gerði. Hann gaf eftirfarandi skýringar.

\* Útspilið, hjartaás, var grunsamlegt því blindur hafði ekki sýnt fyrirstöðu í hjarta.

\* Allar spurningar vesturs bentu til að hann ætti ekki trompdrottningu.

\* Tígulliturinn hafði alltaf brotnað illa í keppninni (og nefndi dæmi til staðfestingar).

**Norður** sagði að hann hefði alltaf þann sið, sem blindur, að leggja hendur á borðið og hvíla höfuðið á þeim. AV gátu ekki staðfest þetta, þar sem viðkomandi spil var það þriðja í leiknum og norður hafði ekki verið blindur í fyrstu tveimur. Norður tjáði dómnefndinni að hann hefði aðeins 20% sjón á vinstra auga og rauðu háspilin litu öll eins út frá þeirri hlið séð. En auk þess neitaði norður að hafa “kíkt” á spil austurs.

**Þjálfari NS** (í fjarveru fyrirliðans) kvæðst hafa sagt liði sínu að vinna leikinn minnst 19-11. Hann hefði hins vegar aldrei heyrt aðrar eins aðdróttanir í 30 ára sögu sinni sem starfsmaður ítalska bridsambandsins.

**Vestur** bætti því loks við að suður hefði lagt höfuð sitt á hendurnar þegar hann ihugaði íferðina í tígulinn.

**Umþenkingar dómnefndar:** Dómnefndin leit til lagagreinar númer 91-B, þar sem kveðið er á um rétt keppnisstjóra (og dómnefndar) til að vísa spilurum úr keppni. Dómnefndin leit líka til tæknilegra mála:

\* Dómnefndin hafnaði þeim rökum suðurs að “tígulliturinn hefði alltaf brotnað illa í mótinu.”

\* Dómnefndin taldi að það eitt að segja og vinna sex tígla með eðlilegri spílamennsku hefði verið líklegt til að gefa ávinning, því slemman er engan veginn sjálfsögð.

\* Dómnefndin vakti athygli á því að sú íferð sagnhafa í trompið að byrja á tígulgosa væri mjög gegn líkunum, nema í þeirri stöðu einni þegar sagnhafi veit fyrir víst að austur haldi á þrilit.

\* Dómnefndin taldi að austur hefði varist réttilega með því að dúkka tígulgosann þar eð suður gat átt fimmlit í tígli.

#### **Ástæður dómnefndar:**

AV töldu að sagnhafi hefði stuðst við óréttmætar (improper) upplýsingar við spílamennsku sína og þær upplýsingar hafi hann fengið frá makker. Dómnefndin taldi skýringar suðurs á spílamennsku sinni ekki sannfærandi og raunar þvert á móti (self-incriminating) miðað við styrkleika viðkomandi spilara.

#### **Úrskurður dómnefndar:**

Lanzarotti og Buratti er vísað úr sveita-keppni leikanna (lög 91-B).

Leikurinn er dæmdur í 18-0, AV í hag.

### **Þráðurinn tekinn upp**

Hversu “vitlaust” er það frá sjónarhóli líkindafræðinnar að fara af stað með ♦G með því hugarfari að láta hann sigla? Hugleiðum málið.

Til að byrja með er rétt að veita því athygli að sagnhafi getur aldrei ráðið við öll trompin fjögur í austur - ♦D1076. Hugsanlegur hagnaður af því að fara af stað með ♦G byggist fyrst og fremst á því að austur sé með drottninguna þriðju.

Fyrirframlíkur á að austur eigi þrjá tígla eru 25% (helmingurinn af 3-1-legunni), og líkur á að drottningin sé í þrilitnum eru 18.75% (þrír fjórðu af 25%).

En austur gæti líka átt drottninguna aðra og lagt á. Þá er spurningin hvort sagnhafi eigi að toppa litinn eða spíla austur upp á D10x og svína fyrir tíuna næst. Líkurnar eru svipaðar, en gerum ráð fyrir því að sagnhafi ætli sér að spíla upp á þrilit í austur og svína fyrir tíuna næst. Hann fer þá niður þegar vestur á ♦10x í bakið, og vinnur spilið aðeins í 2-2 legunni þegar austur á ♦D10 (6.67%). Heildarvinningslíkur samkvæmt leið Burattis eru því 18.75% + 6.67% eða 25.42%. (Þá er gert ráð fyrir bestu vörn - að austur leggi á með Dx, en ef það er ekki gert, aukast líkurnar verulega.)

Munurinn á leiðunum tveimur er umtalsverður:

**Toppun: 52.50%.**

**Gosinn (og svíning á eftir): 25.42%.**

### **Sköðun ritstjórans**

**SLÍKUR** munur á fyrirframlíkum er til þess fallinn að vekja tortryggni, því auðvitað kann Buratti fræðin nógu vel til að hver “rétt” íferðin er.

En spurningin er þessi: Er bannað að spíla gegn “reiknilíkum” ef mannleg rök vísa á önnur mið? Á að refsa spilurum fyrir að fylgja borðtilfinningunni í viðkvæmum spilum?

Rifjum upp: Vestur kom út með hjarta-ás, lagðist undir feld og spurði þúsund spurninga áður en hann spílaði laufi í öðrum slag. Myndi nokkur siðlegur og hjartahreinn spilari leyfa sér slíkt með drottninguna í tígli? Væri það ekki dæmi um grófa kaffihúspílamennsku?

Sem sagt - gæti vestur verið þekktur fyrir að stöðva spílamennskuna í öðrum slag með ótal spurningum ef hann héldi á ♦D? Buratti fannst það ekki - rétti-lega - og gaf sér því að austur væri með tíguldrottninguna. Og af því réðst íferðin í trompið.

Dómnefndinni kemur heldur ekkert við hvort Buratti sé hjátrúarfullur og trúi á að legan ráðist af skiptingunni í “fyrri spilum”. Ljóngreindir menn hafa látið stjórnast af slíku, þótt eigi svo sem að “vita betur.” Og oft með góðum árangri!

### **Þetta gengur ekki!**

Kjarninn í álitu ritstjórans er þessi: Gögn málsins komast ekki nálægt því að vera fullnægjandi vísbending um að parið Buratti/Lanzarotti hafi svindlað.

Þar með er freistandi að draga þá ályktun að fleira hangi á spýtunni. Það dylst engum að parið Buratti/Lanzarotti nýtur lítilla vinsælda meðal margra áhrifamanna í bridsshreyfingunni. Welski blaðamaðurinn Patrick Jourdain gat þess í grein sinni í Daily Telegraph að niðurstöðu dómnefndar hefði verið fagnað með lófaklappi á fjölmönnum fyrirliðafundi! Þá rifjar Jourdain upp að Buratti/Lanzarotti hafi spílað í sigurliði Ítala á EM 1995 og 1997, en “ekki komist í liðið síðan þrátt fyrir gott gengi á alþjóðavísu”. Þetta eru illa dulbúnar dylgjur.

Þessi undarlega þögn gengur ekki. Maður fær á tilfinninguna að um sé að ræða “toppinn af ísjakanum”, að parið hafi lengi verið undir smásjánni og ráðamenn hafði einungis verið að biða eftir góðu tilefni til að gera þá útlæga. Slík umsjárhyggja sæmir ekki íþrótt okkar - ef mennirnir eiga það skilið að vera útskúfað, þá á hinn almenni briddspilari rétt á því að fá að vita um hina raunverulega ástæðu. Hún getur ekki verið atvikið á Tenerife eitt og sér, svo mikið er víst.

- GPA

# “VARNARPRÓF”

1. N/Enginn      NORÐUR  
 ♠ ÁK5  
 ♥ ÁD94  
 ♦ 62  
 ♣ G1095

Þú  
 ♠ G2  
 ♥ 65  
 ♦ ÁDG107  
 ♣ 8763

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	1 ♣	1 ♦	1 ♥
2 ♦	2 ♥	Pass	4 ♥ ///

Makker kemur út með ♦9, þú drepur með ás og suður fylgir smátt.

Hvernig viltu verjast?

2. N/NS            NORÐUR  
 ♠ K9762  
 ♥ D5  
 ♦ ÁD10  
 ♣ ÁK5

Þú  
 ♠ ÁD853  
 ♥ KG  
 ♦ G8653  
 ♣ 3

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	1 ♠	Pass	1 G
Pass	2 G	Pass	3 G ///

Makker spilar út með ♥3, fjórða hæsta. Sagnhafi setur drottninguna í borði og þú átt slaginn á kónginn.

Hvernig viltu haga vörninni?

3. S/Enginn      NORÐUR  
 ♠ DG732  
 ♥ G102  
 ♦ ÁD8  
 ♣ KG

Þú  
 ♠ K10965  
 ♥ Á5  
 ♦ 965  
 ♣ 853

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	-	1 ♦
Pass	1 ♠	Pass	1 G
Pass	2 ♣ *	Pass	2 ♥
Pass	3 G ///		

\* Gervisögn, krafa.

Vestur spilar út ♣4, sagnhafi stingur upp kóng í borði og fylgir heima með ♣9. Hann spilar svo spaða á ás, tígli á drottningu og ♠D úr borði og hendir hjarta heima. Þú tekur með kóng, en ... hvað svo?

**Hvernig er vörnin hjá þér?  
 Er makker sífelnt að kvarta?  
 Á síðunni eru átta varnarþrautir, sem þú getur notað sem mælikvarða á styrk þinn sem varnarspilara.  
 Tíu stig eru gefin fyrir bestu lausn í hverju spili og ef þú nærð 40 stigum eða meira er líklegt að makker sé veiki hlekkurinn í varnarleik ykkar - nema auðvitað hann fái hærri einkunn!**

4. S/AV            NORÐUR  
 ♠ D  
 ♥ K987  
 ♦ KDG54  
 ♣ 1082

Þú  
 ♠ K8643  
 ♥ D4  
 ♦ Á82  
 ♣ D96

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	-	1 ♥
Pass	3 ♣ *	Pass	4 ♥ ///

\* Bergen: 4-litur í hjarta, 10-12 HP.

Vestur spilar út ♠G og suður tekur feitan slag með ásnum. Hann spilar næst ♥Á og hjarta á kóng. Makker reynist eiga eitt hjarta og fylgir með ♦3 í síðara hjartað, sem sýnir jafna tölu. Sagnhafi spilar tígli úr borði, þú hoppar upp með ásinn og færð tíuna í frá sagnhafa.

Hvert verður næsta skref?

5. A/Allir        NORÐUR  
 ♠ ÁG  
 ♥ 852  
 ♦ D9764  
 ♣ Á92

Þú  
 ♠ D1092  
 ♥ G109  
 ♦ K53  
 ♣ 876

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	Pass	1 ♠
Pass	1 G *	Pass	2 ♠
Pass	4 ♠ ///		

\* Krafa.

Þú spilar út ♥G. Suður tekur slaginn með ás og spilar litlu trompi að ♠ÁG.

Ertu með einhverjar hugmyndir á þessu stigi málsins?

6. N/Allir        NORÐUR  
 ♠ Á976  
 ♥ -  
 ♦ KD876  
 ♣ DG109

Þú  
 ♠ KDG10  
 ♥ 7654  
 ♦ 105  
 ♣ 532

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	1 ♦	Pass	1 ♥
Pass	1 ♠	Pass	2 ♣ *
Pass	3 ♣	Pass	6 G ///

\* Fjórði litur, geimkrafa.

Þú spilar út ♠K og sagnhafi dúkkar.

Hverju spilarðu í öðrum slag?

7. A/Allir        NORÐUR  
 ♠ ÁD653  
 ♥ 2  
 ♦ G6  
 ♣ Á10852

Þú  
 ♠ G108  
 ♥ Á10  
 ♦ ÁK98532  
 ♣ 3

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	1 ♦	4 ♥

Dobl ///

Vestur spilar út ♦10 og þú tekur á kónginn og ásinn og báðir fylgja.

Hvernig viltu haga framhaldinu?

8. V/Enginn      NORÐUR  
 ♠ 10983  
 ♥ 54  
 ♦ KG7  
 ♣ ÁD62

Þú  
 ♠ ÁDG764  
 ♥ ÁK6  
 ♦ 5  
 ♣ 1087

Vestur	Norður	Austur	Suður
Pass	Pass	1 ♠	3 ♦
3 ♠	5 ♦	Dobl ///	

Makker spilar út ♥D.

Hvernig viltu verjast?

-----  
 Sjá lausnir og stigagjöf á næstu blaðsíðum.

# LAUSNIR Á VARNARÞRAUTUM

## Þraut 1 Norður gefur; enginn á hættu

NORÐUR  
 ♠ ÁK5  
 ♥ ÁD94  
 ♦ 62  
 ♣ G1095

VESTUR  
 ♠ D963  
 ♥ 82  
 ♦ 9854  
 ♣ ÁD2

ÞÚ  
 ♠ G2  
 ♥ 65  
 ♦ ÁDG107  
 ♣ 8763

SUÐUR  
 ♠ 10874  
 ♥ KG1073  
 ♦ K3  
 ♣ K4

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	1 ♣	1 ♦	1 ♥
2 ♦	2 ♥	Pass	4 ♥
Pass	Pass	Pass	

Vestur spilar út ♦9 og þú átt slaginn á ásin. En hvað svo?

**LAUSN:** Makker á varla slag á tromp, svo ekkert minna en tveir laufslagir og einn á spaða duga til að ná þessu niður. Ef vörnin á að eiga möguleika á spaðaslag verður að ráðast á litinn strax og best er að spila *smáum* spaða, undan gosanum. Eigi makker ♠D9(xx) getur hann sótt litinn áfram þegar hann kemst fyrst inn á lauf.

**STIG:** ♠2=10, ♠G=6, ♣X=2, ♦D=1

## Þraut 2 Norður gefur; NS á hættu

NORÐUR  
 ♠ K9762  
 ♥ D5  
 ♦ ÁD10  
 ♣ ÁK5

VESTUR  
 ♠ 4  
 ♥ Á10832  
 ♦ 972  
 ♣ 10986

ÞÚ  
 ♠ ÁD853  
 ♥ KG  
 ♦ G8653  
 ♣ 3

SUÐUR  
 ♠ G10  
 ♥ 9764  
 ♦ K4  
 ♣ DG742

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	1 ♠	Pass	1 G
Pass	2 G	Pass	3 G
Pass	Pass	Pass	

Út kemur ♥3 og þú dreypur drottningu blinds með kóng. Hver verður næsti leikur?

**LAUSN:** Á opnu borði er augljóst hvernig taka má fimm slagi í vörninni: hjartagosí yfirdrepinn, tían tekin og spaði í gegnum kónginn. En því miður er makker ekki alvitur og hann er vís með að dúkka hjartagosann. Ekkert liggur á; þú spilar tígli og bíður eftir að sagnhafi fari í spaðann: Þá tekurðu tvo slagi á ♠ÁD og spilar hjartagosa. Makker ætti að ráða við framhaldið.

**STIG:** Tígull eða lauf í öðrum slag=10 stig, ♥G=5 stig, ♠X=1 stig.

## Þraut 3 Suður gefur; enginn á hættu

NORÐUR  
 ♠ DG732  
 ♥ G102  
 ♦ ÁD8  
 ♣ KG

VESTUR  
 ♠ 84  
 ♥ D873  
 ♦ 104  
 ♣ Á7642

ÞÚ  
 ♠ K10965  
 ♥ Á5  
 ♦ 965  
 ♣ 853

SUÐUR  
 ♠ Á  
 ♥ K964  
 ♦ KG732  
 ♣ D109

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	-	1 ♦
Pass	1 ♠	Pass	1 G
Pass	2 ♣ *	Pass	2 ♥
Pass	3 G	Pass	Pass
Pass			

Vestur spilar út ♣4, sem sagnhafi tekur í borði. Hann spilar spaða á ásin, tígli á blindan, spaðadrottningu og hendir hjarta heima. Þú færð slaginn, en ... hvað svo?

**LAUSN:** Þetta er eitt af frægari spilum Garozzos og kom upp í leik Ítala og Bandaríkjamanna á HM 1979. Mike Passell var í sæti sagnhafa í suður.

Garozzo taldi líklegt að Passell ætti skiptinguna 1-4-5-3 og að minnsta kosti drottninguna í laufi. Það myndi þá strax gefa sagnhafa níunda slaginn að spila laufi. Hjartaás og hjarta gat gengið, en þá varð makker að eiga ♥KD9x og þar með tóma hunda í laufi. Sem var ekki alveg í samræmi við útspilið eða hjarta-afkast suðurs.

En hvað með ♠10? Nei, sjöan í borði er of öflug og sagnhafi myndi einfaldlega sækja sér níunda slaginn á lauf sjálfur.

Möguleikarnir virtust tæmdir, en þó var einn litur eftir og þann lit valdi Garozzo - hann spilaði tígli og rústaði með því samgangi sagnhafa!

Passell kaus að taka slaginn í borði, taka spaðaslaginn og spila laufi. Laurencó Lauria í vestur tók á laufásinn og spilaði Garozzo inn á hjartaás, sem gat þá tekið tvo slagi á ♠109.

**STIG:** ♦X=10, ♥Á=5, ♥4=4, ♣X=3, ♠10=2

## Þraut 4 Suður gefur; AV á hættu

NORÐUR  
 ♠ D  
 ♥ K987  
 ♦ KDG54  
 ♣ 1082

VESTUR  
 ♠ G1097  
 ♥ 5  
 ♦ 9763  
 ♣ ÁG53

ÞÚ  
 ♠ K8643  
 ♥ D4  
 ♦ Á82  
 ♣ D96

SUÐUR  
 ♠ Á52  
 ♥ ÁG10632  
 ♦ 10  
 ♣ K74

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	-	1 ♥
Pass	3 ♣ *	Pass	4 ♥
Pass	Pass	Pass	

\* Bergen: 4-litur í hjarta, 10-12 HP.

Vestur spilar út ♠G - drottning, kóngur og ás. Sagnhafi tekur tvisvar tromp (makker hendir ♦3=jöfn tala) og sagnhafi spilar tígli úr borði. Þú dreypur og ... gerir hvað?

**LAUSN:** Það er nú eða aldrei að hirða þá laufslagi sem til falla og besta tilraunin er að spila *drottningunni* - helst án mikillar yfirlegu. Frá bæjardyrum suðurs gætir þú hæglega átt ♣DG9 og þá verður að dúkka drottninguna. En ef sagnhafi leggur kónginn á, ætti makker að spila undan gosanum og þá er nía þín orðin mjög heit.

Það þýðir auðvitað ekkert að spila litlu laufi, því sagnhafi hleypir því á tíuna.

**STIG:** ♣D=10, ♣X=3, annað=1

## Praut 5 Austur gefur; allir á hættu

NORÐUR  
 ♠ ÁG  
 ♥ 852  
 ♦ D9764  
 ♣ Á92

ÞÚ  
 ♠ D1092  
 ♥ G109  
 ♦ K53  
 ♣ 876

AUSTUR  
 ♠ 6  
 ♥ D743  
 ♦ ÁG108  
 ♣ G543

SUÐUR  
 ♠ K87543  
 ♥ ÁK6  
 ♦ 2  
 ♣ KD10

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	Pass	1 ♠
Pass	1 G *	Pass	2 ♠
Pass	4 ♠	Allir pass	

Þú spilar út ♥G. Suður tekur með ás og spilar trompi að blindum. *Og... hvað?*

**LAUSN:** Það er auðvelt að sofna á verðinum í þessari stöðu og fylgja lit með spaðatvísti. Sagnhafi mun þá að sjálf-sögðu svína gosanum og gefur þannig aðeins einn slag á tromp og þrjá í allt.

Þessi staða kallar á fágæta blekkingu - ef þú setur tíu eða níu í slaginn gæti sagnhafi óttast fjórlit í austur og farið upp með ásinn til að spila gosanum í gegnum makker þinn. En hann mun verða fyrir vonbrigðum!

**STIG:** ♠10 eða ♠9=10 stig, ♠2=3 stig.

## Praut 6 Norður gefur; allir á hættu

NORÐUR  
 ♠ Á976  
 ♥ -  
 ♦ KD876  
 ♣ DG109

ÞÚ  
 ♠ KDG10  
 ♥ 7654  
 ♦ 105  
 ♣ 532

AUSTUR  
 ♠ 43  
 ♥ G983  
 ♦ G932  
 ♣ 874

SUÐUR  
 ♠ 852  
 ♥ ÁKD102  
 ♦ Á4  
 ♣ ÁK6

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	1 ♦	Pass	1 ♥
Pass	1 ♠	Pass	2 ♣ *
Pass	3 ♣	Pass	6 G
Pass	Pass	Pass	

Þú kemur út með ♠K og sagnhafi dúkkar. *Hvað gerirðu í öðrum slag?*

**LAUSN:** Þetta er ekki einfalt - en ef sagnhafi er með öllum mjalla er hann með ásana þrjá, laufkónginn og gott hjarta. Eina von varnarinnar er sú að austur eigi síðbúið vald í rauðu litunum. Sé svo, er hætta á þvingun ef spaða er spilað áfram. Sagnhafi drepur, fer heim á lauf og tekur þrjá efstu í hjarta. Spilar svo laufunum og þvingar makker til að láta af hendi valdið á öðrum rauða litnum.

Leiðin til að bjarga makker (og samkomulaginu) er að skipta yfir í tígul í öðrum slag - þannig slitnar samgangur sagnhafa og hann nær ekki að byggja upp þvingun.

**STIG:** ♦10=10 stig, ♠D=4 stig, ♣X=2 stig, ♥X=1 stig.

## Praut 7 Austur gefur; allir á hættu

NORÐUR  
 ♠ ÁD653  
 ♥ 2  
 ♦ G6  
 ♣ Á10852

VESTUR  
 ♠ K972  
 ♥ 54  
 ♦ 104  
 ♣ KG764

ÞÚ  
 ♠ G108  
 ♥ Á10  
 ♦ ÁK98532  
 ♣ 3

SUÐUR  
 ♠ 4  
 ♥ KDG98763  
 ♦ D7  
 ♣ D9

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	1 ♦	4 ♥
Dobl	Pass	Pass	Pass

Vestur spilar út ♦10 og þú tekur strax tvo slagi á litinn. *En svo hvað?*

**LAUSN:** Það er freistandi að halda áfram með tígulinn í þeirri von að makker eigi bitastætt spil í trompi - ♥Gx væri nóg til að búa til slag. En ef þú spilar tígli gerist þetta: Sagnhafi stingur hátt, svínar ♠D og hendir laufi í ♠Á.

Eins og spilið er vaxið verður að leggja niður ♥Á og spila laufi! Þá er sagnhafi frosinn í borði og kemst ekki hjá því að gefa slag á lauf.

Rökin fyrir því að spila upp á laufslag frekar en trompuppfaerslu að finna í sögnum. Suður sagði 4♥ á hættunni án þess að eiga svo mikið sem ás og auk þess Dx í opunarlit þínum. Myndi hann gera það með ♥KD smátt áttundu? Varla. Ennfremur hlýtur makker að eiga eitthvað fyrir dobli sínu á 4♥ - sem er

meira til úttekta - og tveir svartir kóngar verður að teljast lágmark. En þetta er samt hittingur og stigagjöfin tekur mið af því:

**STIG:** ♥Á og svo ♣3=10, ♦X=8, ♣3=2

## Praut 8 Vestur gefur; enginn á hættu

NORÐUR  
 ♠ 10983  
 ♥ 54  
 ♦ KG7  
 ♣ ÁD62

VESTUR  
 ♠ K52  
 ♥ DG109  
 ♦ 83  
 ♣ KG53

ÞÚ  
 ♠ ÁDG764  
 ♥ ÁK6  
 ♦ 5  
 ♣ 1087

SUÐUR  
 ♠ -  
 ♥ 8732  
 ♦ ÁD109642  
 ♣ 94

Vestur	Norður	Austur	Suður
Pass	Pass	1 ♠	3 ♦
3 ♠	5 ♦	Dobl	Allir pass

Makker kemur út með ♥D. *Hvernig sérðu fyrir þér vörnina?*

**LAUSN:** Fjórlitur blinds í spaða segir þá sögu að sagnhafi sé með eyðu, svo þar er ekkert að hafa. Þriðji slagur varnarinnar verður því að koma á lauf eða hjarta. Ef suður á þrilít í laufi og makker ♣Kxx fæst þar slagur í fyllingu tímans, en hættan er sú að suður sé með tvö lauf og fjórlit í hjarta. Í því tilfelli verður að trompa tvisvar út.

Að svo mæltu er vörnin á hreinu: Þú yfirdrepur ♥D og spilar tígli. Dúkkar svo næsta hjarta og lætur makker sjá um að trompa aftur út.

En ekki er allt búið enn - sagnhafi mun stinga eitt hjarta og renna trompunum, en þú gætir þess vel að hanga á tíunni þriðju í laufi, svo sagnhafi fái ekki ódýran slag á laufhund í lokin.

**STIG:** ♥D yfirdrepin og trompað út=10 stig, annað=4 stig.

### Heimildir:

- (1) *Kelsey: Test Your Defensive Play.*
- (2) *Kelsey: Test Your Defensive Play.*
- (3) *Bird: Famous Leads and Defencens.*
- (4) *Root: Defensive Bridge Play Complete.*
- (5) *Root: Defensive Bridge Play Complete.*
- (6) *Hoffman: Defence in Depth.*
- (7) *Hoffman: Defence In Depth.*
- (8) *Rubens: Swiss Match Challenge.*

## Frá Vorleikunum í Atlanta...



Bessi og Bjarni spila við Hamman og Soloway á vorleikunum í Atlanta í sumar. Þeir voru þar á ferð með Þorláki Jónssyni og Jóni Baldurssyni og spilaðu í sveit Valerie Westheimer í Spingoldkeppninni ásamt með Hjódrisi Eyþórsdóttur. Sveitin komst í 16-liða úrslit. Með á myndinni er góðvinur Íslendinga, Kanadamaðurinn Eric Kokish, sem er þjálfari Nickell-sveitarinnar sterku um þessar mundir. Á smærri myndinni er Bob Hamman með Indu Hrónn Björnsdóttur.



## MÓTASKRÁ BSÍ 2005-2006

Bikarkeppni BSÍ	24. - 25. september
Vestfjarðarmót í tvímennungi	30. september - 2. október
Íslandsmót í einmennungi	14. - 15. október
Ársþing BSÍ	16. október
Hraðsveitakeppni BSA	16. október
Deildakeppni - fyrri helgi	22. - 23. október
Íslandsmót yngri spilara í tvímennungi	29. - 30. október
Íslandsmót eldri spilara í tvímennungi	29. - 30. október
Deildakeppni - síðari helgi	5. - 6. nóvember
Austurlandsmót í tvímennungi	11. - 12. nóvember
Norðurlandsmót í tvímennungi	12. nóvember
Íslandsmót kvenna í tvímennungi	19. - 20. nóvember
Íslandsmót í parasveitakeppni	26. - 27. nóvember
Minningarmót Gísla Torfasonar	3. desember
Austurlandsmót í paratvímennungi	4. desember
Jólamót Sparisjóðs Hafnarfjarðar	27. desember
Minningarmót Harðar Þórðarsonar	30. desember
Þorsteinsmótið / Patton sveitakeppni	30. desember
Framhaldsskólamátið	11. febrúar
Bridgehátíð Flugleiða - tvímennungur	16. - 17. febrúar
Bridgehátíð Flugleiða - sveitakeppni	18. - 19. febrúar
Bridgehátíð Flugleiða - stjórntvímennungur	20. febrúar
Íslandsmót kvenna í sveitakeppni	4. - 5. mars
Íslandsmót í sveitakeppni - undanúrslit	24. - 26. mars
Íslandsmót yngri spilara í sveitakeppni	1. - 2. apríl
Íslandsmót í sveitakeppni - úrslit	12. - 15. apríl
Mónu mótið	13. - 15. apríl
Íslandsmót í tvímennungi - úrslit	29. apríl - 1. maí
Íslandsmót í paratvímennungi	7. maí - 8. maí
Kjördæmamót BSÍ	28. - 29. maí

## Spil austurs

**Spil 1** ♠ Á8432  
A/Allir ♥ ÁKG7  
♦ 9  
♣ ÁKD

**Spil 2** ♠ KDG5  
V/Allir ♥ ÁK6  
♦ 3  
♣ DG843

**Spil 3** ♠ KDG62  
A/AV ♥ ÁK5  
♦ ÁK  
♣ G104

**Spil 4** ♠ KDG8  
V/Enginn ♥ D6  
♦ ÁK10  
♣ Á965

**Spil 5** ♠ G3  
A/NS ♥ KD10875  
♦ -  
♣ ÁKD103

**Spil 6** ♠ 5  
V/NS ♥ G964  
♦ KD6  
♣ KG972

**Spil 7** ♠ ÁKG83  
A/Enginn ♥ ÁK  
♦ DG4  
♣ Á65

**Spil 8** ♠ K9  
V/AV ♥ 75  
♦ 63  
♣ DG109865

**Spil 9** ♠ ÁKG1084  
A/Allir ♥ D108  
♦ Á973  
♣ -

**Spil 10** ♠ 52  
V/Enginn ♥ KG4  
♦ KG5  
♣ K10973

